



HANDBÓK
Ungmennasambands
Skagafjarðar

2024-2025



FYRIRMYNDARHÉRAÐ ÍSÍ





Efnisyfirlit

Inngangur	4
Um UMSS.....	5
Aðildarfélög UMSS.....	8
Bílaklúbbur Skagafjarðar	8
Golfklúbbur Skagafjarðar.....	8
Hestamannafélagið Skagfirðingur	9
Íþróttafélagið Gróska.....	9
Pílukastfélag Skagafjarðar	9
Siglingaklúbburinn Drangey.....	9
Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári.....	10
Ungmennafélagið Hjalti.....	10
Ungmennafélagið Neisti	10
Ungmennafélagið Tindastóll.....	10
Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar	10
Stjórnskipulag UMSS	11
Skipurit UMSS.....	11
Stjórn UMSS 2024-2025	11
Hlutverk og skyldur kjörinna fulltrúa í stjórn UMSS.....	11
Stjórn	11
Skyldur og réttindi stjórnar UMSS	12
Formaður.....	13
Gjaldkeri	13
Ritari	13
Meðstjórnandi	14
Varastjórn	14
Framkvæmdastjóri - Starfssvið og skyldur:	14
Vinnureglur stjórnarfundar UMSS	14
Fundir	14
Formannafundur UMSS.....	16
Stefna UMSS.....	16
Hlutverk UMSS.....	18
Hlutverk UMSS er einnig að:.....	20





UMSS skal fræða félagsmenn:.....	20
Markhópar UMSS:	20
Samstarf:.....	21
Einelti:.....	21
Fræðslu-og forvarnarstefna Ungmennasambands Skagafjarðar	23
Félagsmálastefna Ungmennasambands Skagafjarðar.....	24
Jafnréttisstefna Ungmennasambands Skagafjarðar.....	25
Persónuverndarstefna Ungmennasambands Skagafjarðar.....	26
Umhverfisstefna Ungmennasambands Skagafjarðar	30
Samræmd viðbragðsáætlun fyrir íþrótt- og æskulýðsstarf	31
Lög UMSS.....	32
Reglugerðir	38
Siðareglur Ungmennasambands Skagafjarðar (UMSS) og aðildarféлага.....	38
Reglugerð um val á Íþróttamanni, Liði og Þjálfara ársins í Skagafirði.	41
UMSS Lottóreglugerð – úthlutun	44
Vinnureglur varðandi úthlutun úr afrekssjóði.....	45
Fylgiskjöl	46
Fylgiskjal I: Fjárhagsáætlun UMSS 2024	47
Fylgiskjal II: Stefna ÍSÍ í íþróttum barna og unglunga	48
Fylgiskjal III: Stefna ÍSÍ í íþróttum barna og unglunga – Íþróttaboðorðin tíu	49
Fylgiskjal IV: Samstarfssamningur UMSS og sveitarfélag Skagafjarðar	50



Inngangur

Ákveðið var á 97. Ársþingi Ungmennasambands Skagafjarðar (UMSS) sem haldið var 14. mars 2017, að UMSS færi í þá vinnu að gerast Fyrirmyndaríþróttahérað ÍSÍ. Handbók UMSS er einn að loka áföngunum í þeirri vinnu. Stjórn UMSS fór í þá vinnu undirbúa þingtillögur fyrir 98. Ársþing, að útbúa og kynna fyrir aðildarfélögum; Siðareglur UMSS, Jafnréttisstefnu UMSS, Umhverfisstefnu UMSS, Félagsmálafélag UMSS, Forvarnar- og fræðslustefnu UMSS, reglugerð um skiptingu á lottótekjum, kjöri á íþróttamanni, þjálfara og liði UMSS, vinnureglur UMSS vegna ráðningu starfsfólks og þjálfara og auk þess voru lög UMSS endurskoðuð.

Á 98. Ársþingi UMSS sem haldið var þann 10. mars sl. voru allar reglur, lög og stefnur samþykktar samhljóða af kjörfulltrúum 98. Ársþings UMSS.

Stjórn UMSS stefnir að því að öll aðildarfélög þess verði fyrirmyndarfélög ÍSÍ. Framkvæmdastjóri UMSS er tengiliður milli aðildarfélaga UMSS og ÍSÍ vegna verkefna sem tengjast því.

Þessari handbók er ætlað að innihalda upplýsingar um innviði í starfsemi UMSS. Hér er að finna samantekt á stefnu UMSS, vinnureglum, reglugerðum og lögum UMSS. Hér er einnig að finna upplýsingar um hlutverk kjörinna fulltrúa og starfsmanns UMSS.

Handbókin er lifandi skjal sem tekur breytingum eftir því sem aðstæður, lög og reglur breytast.

Um UMSS

Ungmennasamband Skagafjarðar var stofnað 17. apríl 1910 og fagnaði því 110 ára afmæli sínu á árinu 2020. Bráðabirgðastjórn hafði þó setið frá 20. febrúar sama ár sem boðaði til stofnfundar 17. apríl. Stofnfélög voru Ungmennafélagið Æskan Staðarhreppi, Ungmennafélagið Framför Lýtingsstaðahreppi og Ungmennafélagið Fram Seyluhreppi. Fyrsta stjórn sambandsins var skipuðu; Brynleifur Tobíasson formaður, Árni J Hafstað ritari og Jón Sigurðsson gjaldkeri.

Þegar líða tók á öldina fjölgaði aðildarfélögunum og starfsemin eflist á allan hátt. Þessi félög gengu í sambandið fyrstu 50 árin:

Ungmennafélagið Hegri Rípurhreppi 1917

Ungmennafélagið Höfðstrendingur Hofsós 1917

Ungmennafélagið Tindastóll 1924

Ungmennafélagið Glóðafeykir Akrahreppi 1952

Ungmennafélagið Geisli Óslandshlíð 1947

Ungmennafélagið Framsókn Viðvíkursveit 1914-20

Ungmennafélagið Von í Stíflu 1933

Ungmennafélag Holtshrepps 1947

Ungmennafélagið Hjalti Hjaltadal 1932

Ungmennafélag Hagnesshrepps 1947

Ungmennafélagið Bjarmi Godalsókn 1924-36

Ungmennafélagið Grettir 1956

Starfsemi sambandsins var að vonum ekki sérlega fjölbreytt fyrstu árin. Þó má nefna að það stóð fyrir Sumarmótum svokölluðum. Þar voru flutt erindi og tekið þátt í kappreiðum. Eins stóð sambandið fyrir fræðslu og fór á milli aðildarfélaga með ýmis erindi. Auk þess stóð sambandið að því að auka áhuga almennings á íþróttum. Sund var snemma á dagskrá og lagði UMSS fjármagn til að endurgera Steinsstaðasundlaug og var þar aðalsundkennsla fram um nokkurt árabíl. Þetta var fyrsta steinsteypa sundlaugin í Skagafirði. Seinna var svo gerð laug í Varmahlíð.

Mótahald varð seinna mikið og öflugt, héraðsmótin á 17. júní þóttu stórhátíðir, haldið var úti sér knattspyrnuliði um tíma og settar upp leiksýningar svo eitthvað sé upp talið. Héraðsþjálfarar í frjálsum og knattspyrnu voru fastir liðir svo árum skipti og þjálfuðu þeir vítt og breytt um héraðið. Héraðsþjálfarafyrirkomulagið var sér kapituli útaf fyrir sig og fengu þá krakkar í sveitum sem þéttbýli að spreya sig í frjálsum og knattspyrnu. Voru æfingar víða, við Ketilás í Fljótum, Hofsósi, Efra-Ási í Hjaltadal, á Vallarbökkum, á Steinsstöðum, Varmahlíð og Sauðárkróki svo einhverjir staðir séu nefndir. Eins var spilaður handbolti um tíma bæði á Sauðárkróki og Hofsósi. Margir mjög færir og góðir þjálfarar voru við störf þessi sumar þegar þetta fyrirkomulag var við líði. Lagðist það af á níunda áratugnum. Að mörgu leiti er eftirsjá í þessu fyrirkomulagi því með þessu móti var hægt að ná til enn fleiri ungmenna þó aðstaða til æfinga væri oft fátækleg. Stundum verða menn að hugsa hvort sé betra að ná til fleiri þó aðastæður séu frumstæðar eða ná til færri við fullkomnar aðstæður. Spurning sem á rétt á sér á öllum tímum.



Ekki er ofsögum sagt þó eitt nafn sé tengt UMSS öðru fremur hér í héraði en það er Guðjón Ingimundarson sem var einn af ötulustu brautryðjendum í Skagfirsku íþróttalífi svo áratugum skipti. Guðjón sat í stjórn Ungmennasambands Skagafjarðar í 31 ár þar af 29 ár (1944-1973) sem formaður. Eins sat Guðjón í stjórn Ungmennafélags Íslands um tíma og var þar varaformaður. Ekki þarf því að orðlengja það mikið hve mikil og djúp spor Guðjón markaði í Skagfirskt íþróttalíf með krafti sínum og dugnaði sem á fáan sinn líka. Hann stóð meðal annars fyrir því að sundlaug var reist á Sauðárkróki á sjötta áratugnum. Sundíþróttin var alla tíð hans aðaláhugamál. Fyrir hans tilstilli og með aðstoð margra annarra ötulla manna var haldið landsmót UMFÍ á Sauðárkróki árið 1971.

Landsmótið 1971 er eitt af mestu skrautfjöðrum í hatti UMSS. Það tókst með miklum ágætum og mættu 8-10 þúsund manns á mótið. Keppendur voru tæplega 500 og kepptu í 7 mismunandi greinum. Skagfirðingar stóðu sig vel og sendu keppendur í flestallar greinar og náðu 5. sæti í stigakeppni mótsins. Fyrir mótið 1971 var gert stórátak í uppbyggingu keppnisaðstöðu á Sauðárkróki og grasvöllurinn var tekinn í notkun fyrir mótið. Sá völlur var notaður sem aðalvöllur til ársins 2004 þegar núverandi aðstaða var tekin í notkun. Körfubolti og handbolti voru spiluð utandyra á mótinu og byggður bráðabirgða körfuboltavöllur. Keppendur og áhorfendur héldu til á tjaldsvæðinu á Nöfum sem notað hefur verið á stórmótum síðar með góðum árangri.

Frjálsíþróttalíf á vegum og undir merkjum UMSS hefur lengi verið öflugt. Á tíunda áratug síðustu aldar eflidist það sem aldrei fyrr með veru Gísla Sigurðssonar sem yfirþjálfara og þrísumsmótors í starfinu til margra ára. Hingað löðuðust líka gríðarlega góðir íþróttamenn og konur sem skipuðu sér sess á alþjóðavísu. Má þar nefna Jón Arnar Magnússon og seinna Sunnu Gestsdóttur. Starfið heima fyrir varð líka gríðarlega öflugt og smitaði árangur hinna bestu út frá sér. Lið UMSS varð líka á þessum árum með þeim albestu á landinu og í Bikarkeppni Frjálsíþróttasambandsins náði liðið best í 2. sæti.

Árið 2004 líður Skagfirskri íþróttahreyfingu sennilega seint úr minni. Það ár voru haldin tvö landsmót á Sauðárkróki með þriggja vikna millibili. Fyrst var stóra landsmótið í 2. viku júlímánaðar og svo unglingslandsmótið um Verslunarmannahelgina. Bæði mótin tókust með eindæmum vel og voru Skagfirðingum til mikils sóma. Byggður hafði verið nýr íþróttavöllur sumarið áður og var hann tilbúin til notkunar á mótinu. Sannaðist þar endanlega að íþróttasvæðið á Sauðárkróki er eitthvert það besta á landinu þegar kemur að því að hýsa margar keppnisgreinar á litlu svæði og ekki sé nú talað um þegar fólk þarf að vera í tjaldbúðum. Skagfirski íþróttafólkið stóð sig með afbrigðum vel á þessum mótum og vann til fjölda verðlauna og endaði í heildarstigakeppni stóra landsmótsins í 2. sæti. Stóra mótið hafði vaxið heldur betur frá mótinu 1971 en nú voru keppendur 1560 og mótsgreinar nítján. Á Unglingslandsmótið mættu um 1250 keppendur. Mótin voru því orðnir risavaxnir atburðir og gestir á annan tug þúsunda á hvoru móti fyrir sig.

Fjórða landsmótið sem haldið hefur verið í Skagafirði var svo um Verslunarmannahelgina 2009. Þá kom sér vel að frjálsíþróttavöllurinn var ekki nema 5 ára gamall og þurfti því að ráðast í sáralitlar framkvæmdir til að gera mótið að veraleika og virkilega góðu móti. Eins og hin mótin tókst þetta mót með glæsibrag, keppendur um 1500 og gestir um 10 þúsund. Enn á ný sannaði íþróttasvæðið og aðstaðan sig og að Skagfirðingar kunna að standa að stórmótahaldi. Fimmta landsmótið var svo haldið um Verslunarmannahelgina 2014.

Nýtt Landsmót og 50+ mót UMFÍ var svo haldið 2018 á Sauðárkróki. Landsmótið var fjögurra daga íþróttaveisla dagana 12. - 15. júlí. Íþróttir og hreyfing voru í aðalhlutverki á daginn. Á kvöldin var skemmtun og samvera í góðum félagsskap allsráðandi.

Allir 18 ára og eldri gátu skráð sig, hvort sem þeir voru í íþrótt- og ungmennafélagi eða ekki.



Pátttakendur mótsins gátu keppt í eða prófað fjölda íþróttgreina í bland við götu- og tónlistarveislu. Þeir sem skráðu sig til leiks bjuggu til sína eigin dagskrá. Á Landsmóttinu voru meira en 30 íþróttgreinar auk skemmtunar og fróðleiks. Allir gátu því fundið eitthvað við sitt hæfi.

Landsmót UMFÍ 50+ var haldið á sama stað og á sama tíma. Mótið var með svipuðu fyrirkomulagi og undanfarin ár. Helstu keppnisgreinar voru á sínum stað auk þess var framboð á keppnisgreinum, afþreyingu og öðrum viðburðum margfalt meira en áður.

Sjöunda landsmót eða Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Sauðárkróki verslunarmannahelgina 2023 í samstarfi við sveitarfélagið Skagafjörð og Ungmennafélag Íslands.

Starfsemi UMSS í dag er öflugt og er það samstíga öflugu íþróttastarfi innan héraðsins sem sýnir sig í þeirri áráðni að takast á við að halda tvö landsmót á sama árinu. Hefðbundin starfsemi er nokkurt mótahald ár hvert í frjálsum og hestaíþróttum. Eins er hluti af starfsemi sambandsins að halda uppi samskiptum við UMFÍ og ÍSí.

Ungmennasambandið hefur á seinustu árum lagt höfuðáhersla á að hvetja Skagfirska keppendur til keppni á landsmótum UMFÍ. Á það við um bæði mótin sem UMFÍ stendur fyrir og eru unglíngalandsmótin nú árlega. Ungmennasambandið hefur niðurgreitt hluta keppnisgjalda til að gera keppendum betur kleift að taka þátt í mótunum.

Í dag eru 11 aðildarfélag innan UMSS, þrjú ungmennafélög Hjalti, Neisti og Tindastóll, Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári, Hestamannafélagið Skagfirðingur, Íþróttafélagið Gróska, Golfklúbbur Sauðárkróks, Pílukastfélag Skagafjarðar, Bílklúbbur Skagafjarðar, Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar og Siglingaklúbburinn Drangey. En hinum almennu ungmennafélögum hefur fækkað mikið síðustu 20 árin og hafa önnur félög gengið inn í ungmennasambandið í staðinn.

UMSS hefur alla tíð leitast við að standa fyrir öflugu íþrótt- og ungmennafélagsstarfi á félagssvæði sínu. Samkvæmt lögum UMSS skal sambandið stuðla að auknu samstarfi sambandsfélaga, vinna að framkvæmd sameiginlegra áhugamála þeirra og vera málsvari þeirra út á við.

Æðsta vald UMSS er ársþingið sem haldið er árlega. Þar er kjörin stjórn sem fer með stjórn sambandsins milli þinga. Þar eru einnig teknar ákvarðanir um starfsemi sambandsins milli þinga, s.s. með fjárhagsáætlun, reglugerðum og þingsályktunum.

Rekin er skrifstofa til þess að halda utan um starfsemi UMSS. Skrifstofan veitir ráðgjöf til aðildarfélaga og stoðþjónustu, auk þess heldur hún utan um útdeilingu fjár til aðildarfélaga samkvæmt reglugerðum. Rekstur UMSS byggist á framlögum frá sveitarfélögunum og tekjum frá Íslenskum getraunum (Lottó). Framkvæmdastjóri í 50% starfi heldur utan um daglegan rekstur. Stjórn UMSS tekur ákvarðanir um veigameiri þætti starfsins milli þinga, en auk framkvæmdastjóri stýrir daglegum rekstri. Hægt er að nálgast árskýrslur og ársreikninga UMSS á heimasíðu sambandsins <https://www.umss.is/is/umss/arskyrslur-og-reikningar>

Ungmennasamband Skagafjarðar mynda 11 aðildarfélag sem starfa í sveitarfélaginu Skagafirði.

Aðildarfélög UMSS

Aðildarfélög UMSS eru ellefu talsins. Þau starfa innan sveitarfélags Skagafjarðar. Í dag eru innan UMSS stundaðar fjölmargar íþróttagreinar þær eru:

- Alpagreinar skíða
- Akstursíþróttir (bifreiða- og vélhjólagreinar)
- Badminton
- Blak
- Bogfimi
- Fimleikar
- Frjálsíþróttir
- Íþróttir fatlaða
- Golf
- Hestaíþróttir
- Júdó
- Knattspyrna
- Kraftlyftingar
- Körfuknattleikur
- Píla
- Siglingar
- Sund

Bílaklúbbur Skagafjarðar



- Félagssvæði Skagafjörður
- Heimasíða: <https://www.facebook.com/bilaklubburaskagafjardar/>
- Netfang: bilaklubbur@fjolnet.is
- Formaður: Baldur Haraldsson
- S.: 893 2441
- Stofnaður maí 1989

Golfklúbbur Skagafjarðar



- Félagið rekur golfvöll á Hlíðarenda, Sauðárkróki
- Heimasíða: www.gss.is
- S.: 453 6157
- Netfang: formadur@gss.is
- Formaður: Aldís Hilmarsdóttir
- Stofnaður nóvember 1970



Hestamannafélagið Skagfirðingur



- Félagssvæðið er Skagafjörður
- Heimasíða: www.skagfirdingur.is
- Netfang: info@skagfirdingur.is
- Formaður: Elvar Einarsson
- Netfang: elvaree@gmail.com
- S. 893 8140
- Stofnað febrúar 2016

Íþróttafélagið Gróska



- Félagssvæði Skagafjörður
- Netfang: steinnl@gmail.com
- Formaður: Salmína Sofía Tavsén
- S.: 852 3622
- Stofnað mars 1992

Pílu kastfélag Skagafjarðar



- Félagssvæði Skagafjörður
- Heimasíða: <https://www.facebook.com/groups/688754206031696>
- Netfang: arnargeirhjartarson@gmail.com
- Formaður: Arnar Geir Hjartarson
- S.: 825 4552
- Stofnað desember 2022

Siglingaklubburinn Drangey



- Félagssvæði Skagafjörður
- Heimasíða: <https://www.facebook.com/siglingaklubburinnrangey/>
- Netfang: kariheidar@mail.holar.is
- Formaður: Kári Heiðar Árnason
- S.: 863 6419
- Stofnað maí 2009

Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári



- Félagssvæði Varmahlíð og nágrenni
- Heimasíða: <https://www.facebook.com/ithrottir>
- Netfang: sarahholzem@msn.is
- Formaður: Sarah Holzem
- S.: 849 8711
- Stofnað 1995

Ungmennafélagið Hjalti



- Félagssvæði Hjaltadalur og nágrenni
- Heimasíða: <https://www.facebook.com/umfhjalti>
- Netfang: rinasternchen@hotmail.com
- Formaður: Christine Hellwig
- S.: 868 7968
- Stofnað febrúar 1927

Ungmennafélagið Neisti



- Félagssvæði Hofsóss og nágrenni
- Heimasíða: <https://www.facebook.com/groups/101411456574104/>
- Netfang: umfneisti@gmail.com
- Formaður: Margrét Berglind Einarsdóttir
- S.: 860-2070
- Stofnað febrúar 1898

Ungmennafélagið Tindastóll



- Félagssvæði Sauðárkrókur
- Heimasíða: www.tindastoll.is
- Netfang: tindastoll@tindastoll.is
- Formaður: Magnús Barðdal
- S.: 869 9231
- Stofnað október 1907

Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar




- Félagssvæði Skagafjörður
- Heimasíða: <https://www.facebook.com/groups/79689055901/>
- Netfang: holavegur42@gmail.com
- Formaður: Guðmundur Rúnar Guðmundsson
- S.: 899 5486
- Stofnað apríl 2005





Stjórnskipulag UMSS
Skipurit UMSS



Stjórn UMSS 2024-2025



Gunnar Þór Gestsson, formaður

Puríður Elín Þórarinsdóttir, gjaldkeri

Þorvaldur Gröndal, ritari

Aldís Hilmarsdóttir, meðstjórnandi

Kolbrún Passaro, meðstjórnandi

Varastjórn:

Elvar E. Einarsson, Indriði Ragnar Grétarsson og Jóel Þór Árnason

Hlutverk og skyldur kjörinna fulltrúa í stjórn UMSS

Stjórn

Stjórn UMSS er framkvæmdaraðili málefna sambandsins. Hún vinnur að málefnum þess og framfylgir samþykktum ársþings.

Stjórn UMSS skipa fimm menn: Formaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnendur. Formaður skal kosinn til eins árs. Stjórnarmenn aðrir en formaður skulu kosnir til tveggja ára og skipta með sér verkum í stjórn. Þá skulu kosnir þrír menn í varastjórn til eins árs í senn. Gefi stjórnarmaður sem sitja skal áfram kost á



sér til formannskjörs er heimilt að kjósa hann og þá annan í hans embætti það sem eftir er kjörtímabilsins. Enn fremur skulu árlega kjörnir tveir skoðunarmenn reikninga. Kjósa skal fulltrúa á þing ÍSÍ það ár sem þing ÍSÍ er haldið, samkvæmt 12. grein laga ÍSÍ.

Samkvæmt lögum UMSS hefur stjórnin úrskurðarvald í öllum deilumálum sem upp koma á milli þinga en úrskurði hennar má skjóta til næsta þings til fullnaðarúrskurðar. Stjórnin gefur skýrslu um hag og starfsemi sambandsins til UMFÍ og ÍSÍ skv. lögum þeirra. Hún veitir móttöku öllu því fé sem sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóði þess og fer með þá samkvæmt þeirri fjárhagsáætlun er ársþingið hefur samþykkt. Hún skal ábyrgjast sjóði sambandsins og í sameiningu hafa forsjá um aðrar eignir þess.

Eitt af lykilatriðum fyrir farsælt starf stjórnar er að verkefnum sé skipt sem jafnast milli allra stjórnarmanna. Á þann hátt bera allir stjórnarmenn sameiginlega ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru og framkvæmdar. Hér reynir því á hæfileika formanns að deila verkefnum jafnt niður á alla stjórnarmenn svo þeir finni til ábyrgðar og séu virkir þátttakendur í stjórnarstarfinu.

Skyldur og réttindi stjórnar UMSS

- Stjórnarmenn kynni sér lög og samþykktir UMSS og þeirra samtaka sem UMSS er aðili að.
- Sækja stjórnarfundi. Sitja í ráðum og nefndum á vegum stjórnarinnar og leggja til þá persónulegu og faglegu þekkingu sem nýst getur UMSS og aðildarfélögum þess.
- Setja fram álit sitt og skoðanir um þau málefni sem eru til umfjöllunar og ákvörðunar innan stjórnar.
- Vera vel að sér um starfsemi UMSS og aðildarfélaga þess og vera vakandi gagnvart þeim tíðaranda í samfélaginu sem áhrif getur haft á starfsemina.
- Hlíta og fylgja ákvörðunum stjórnar enda hafi þær verið teknar á lýðræðislegan hátt á fundi stjórnar.
- Vera vakandi fyrir og vekja athygli á mögulegum eða augljósum hagsmunaárekstrum sem áhrif geta haft á starfsemi UMSS og stjórnarinnar og víkja þá sæti.
- Stjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.
- Hver nýkjörin stjórn setji sér nánari vinnureglur, sem fjalla um fundarboðun, tímasetningu, lengd og dagskrá stjórnarfunda.
- UMSS vinnur samkvæmt ákvæðum fyrirmyndarhéraða ÍSÍ um hvað varðar samskipti við aðildarfélög
 - Stjórn UMSS varðveiti og skipti milli aðildarfélaga því fé sem veitt hefur verið í því skyni.
 - Stjórn UMSS fylgist með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram samkvæmt gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild.
 - Stjórn UMSS staðfesti lög/lagabreytingar aðildarfélaga og haldi utan um staðfest lög félaga.
 - Stjórn UMSS tilkynni ÍSÍ og viðkomandi sérsambandi um stofnun nýrra félaga og deilda.
 - Stjórn UMSS boði til aðalfundar aðildarfélaga ef þörf krefur.
 - Ársþingi UMSS er heimilt að vísa félagi úr héraðssambandinu fari félag ekki að lögum eða fyrirmælum þess.
 - Ákveði ársþing UMSS að vísa félagi úr því er héraðssambandi skylt að tilkynna það ÍSÍ og viðkomandi sérsambandi/sérsamböndum

Formaður

Helstu verkefni formanns eru:

- Að koma fram fyrir hönd UMSS og vera málsvari þess gagnvart öðrum aðilum.
- Að skipuleggja og boða stjórnarfundum, stýra þeim eða fela öðrum stjórn þeirra samkvæmt fyrirbyggjandi dagskrá hverju sinni.
- Að sjá til þess að lögum sambandsins og samþykktum stjórnarfundum og ársþings sé framfylgt.
- Að sjá til þess og hafa eftirfylgni með því að öll erindi sem sambandinu berast séu afgreidd svo fljótt sem auðið er.
- Að sjá til þess að dagleg starfsemi sambandsins sé vel skipulögð og fari vel fram.
- Að virkja aðildarfélag og félag til starfa í þágu sambandsins og aðildarfélaga þess.
- Að aðildarfélagum og félagsmönnum sé gert kleift að meta starfsemi sambandsins og hvort aðra nálgun þurfi til þess að ná fram markmiðum og fylgja stefnu sambandsins.
- Að hafa umsjón og eftirlit með samningum og samningagerð fyrir hönd sambandsins.
- Að starfa náið með öðrum stjórnarmönnum að þeim verkefnum sem stjórnin tekur sér fyrir hendur, útteila verkefnum í samráði við stjórnarmenn, stýra þeim eða fela öðrum stjórn þeirra.

Gjaldkeri

Helstu verkefni gjaldkera eru:

- Að hafa yfirsýn yfir færslu bókhalds og reikningshald sambandsins, auk ársreikninga.
- Að hafa yfirsýn yfir innheimtu og sjá til þess, í samráði við framkvæmdastjóra að skuldir séu innheimtar.
- Að sjá til þess að gjöld sem ber að greiða séu greidd.
- Ávöxtun lausafjár, varasjóða og þeirra sjóða sem sambandið hefur í vörslu sinni í samráði við framkvæmdastjóra.
- Að setja fram ársreikning í samstarfi við framkvæmdastjóra og leggja fram til samþykktar á ársþingi.
- Að hafa yfirsýn yfir þær fjáraflanir sem fram fara í nafni sambandsins.
- Að annast gerð fjárhagsáætlunar í samstarfi við framkvæmdastjóra og leggja fram til samþykktar á ársþingi.
- Að starfa náið með öðrum stjórnarmönnum að þeim verkefnum sem stjórnin tekur sér fyrir hendur.

Ritari

Helstu verkefni ritara eru:

- Að skrá fundargerðir á stjórnarfundum og fundum á vegum sambandsins, annarra en fundum ráða og nefnda, þegar ekki eru kjörnir sérstakir fundarritarar.
- Að setja og fylgja eftir vinnureglum um skráningu og varðveislu fundargerða, í samstarfi og samráði við aðra í stjórn.
- Að undirbúa ársskýrslu og aðrar skýrslur er varða starfsemina í samvinnu við formann og framkvæmdastjóra.
- Að byggja upp og hlúa að gagna- og heimildasafni sambandsins.
- Að sjá til þess að bréf og skjöl séu rétt og vel varðveitt.
- Að starfa náið með öðrum stjórnarmönnum að þeim verkefnum sem stjórnin tekur sér fyrir hendur.



Meðstjórnandi

Helstu verkefnið meðstjórnanda eru:

- Að starfa náið með öðrum stjórnamönnum að þeim verkefnum sem stjórnin tekur sér fyrir hendur.

Varastjórn

Helstu verkefnið varastjórnar eru:

- Varamenn stjórnar eru boðaðir á alla fundi stjórnar UMSS.
- Á stjórnarfundum, skulu varamenn hafa sama rétt til þátttöku í umræðu og aðrir stjórnarmenn. Þeir hafa þó ekki atkvæðisrétt, utan þeirra mála þar sem þeim er tryggður atkvæðisréttur samkvæmt reglugerðum.
- Varamönnum ber skylda til að kynna sér og taka upplýsta ákvörðun/afstöðu um öll þau mál er fjallað er um á fundum stjórnar.
- Varamaður tekur sæti aðalmanns í stjórn ef til afsagnar þess síðarnefnda kemur.
- Til að geta innt skyldur sínar samviskusamlega af hendi skulu varamenn hafa sama aðgang að og fá send öll viðhlítandi gögn sem um aðalmann væri að ræða, enda bera þeir í flestum tilvikum sömu réttindi og skyldur og aðrir stjórnarmenn.

Framkvæmdastjóri - Starfssvið og skyldur:

Eftirfarandi er skilgreining á starfi framkvæmdastjóra samkvæmt starfssamningi.

- Framkvæmdastjóri skal sjá um öll almenn störf á skrifstofu.
- Framkvæmdastjóri annast samskipti við aðildarfélag UMSS, nefndir og aðra er málefni þess varðar.
- Framkvæmdastjóri annast stefnumótun UMSS í samvinnu við stjórn. Hann vinnur að framkvæmd stefnu og samþykktum stjórnar UMSS og ársþings UMSS í samráði við stjórn.
- Framkvæmdastjóri vinnur, ásamt formanni stjórnar UMSS, að undirbúningi funda er varða málefni UMSS og hefur yfirumsjón með allri útgáfu.
- Framkvæmdastjóri skal gæta þess að vera í nánun samstarfi við stjórn UMSS og nefndir um framkvæmd mála hverju sinni.
- Hafa umsjón með daglegum rekstri UMSS á milli stjórnarfunda.
- Skipuleggja stjórnarfundi og undirbúa mál sem tekin eru fyrir.
- Framkvæmdastjóri skal vísa öllum stærri ákvörðunum sem hafa áhrif á hag sambandsins til stjórnar.
- Framkvæmdastjóri skal sitja fundi stjórnar og nefnda sé þess óskað.
- Framkvæmdastjóri skal minna aðildarfélag á að skila félagatali, ársreikningum og stjórnarskipan í félagakerfi ÍSÍ, innan þess frests sem ÍSÍ ákveður, samkvæmt 6. grein laga UMSS, auk þess skal framkvæmdastjóri senda inn starfskýrslu UMSS til ÍSÍ samkvæmt lögum.
- Framkvæmdastjóri er tengiliður við ÍSÍ og aðildarfélag vegna umsókna og vinnu aðildarfélaganna um að gerast fyrirmyndarfélag ÍSÍ.

Vinnureglur stjórnarfunda UMSS

Fundir

Fundir eru haldnir mánaðarlega. Aukafundir eru boðaðir eftir þörfum. Fundur er formlega boðaður með a.m.k. viku fyrirvara. Fundardagskrá er send út tveim dögum fyrir fund.



1. Dagskrá fundar:

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar.
3. Innsend bréf.
5. [Mál].
6. Önnur mál.
7. Tilhögun næsta fundar.
8. Fundarslit.

2. Fundargerðir

- Halda skal fundargerð um það sem fjallað er um á fundum stjórnar og bóka allar samþykktir og ákvarðanir stjórnarinnar.
- Í fundargerðir skal skrá eftirfarandi:
- Hvar og hvenær fundurinn er haldinn og númer fundar.
- Hverjir sitja fundinn, tilgreindir eigin nafni, hver stýrir honum og hver ritar fundargerð.
- Dagskrátriði, stutta lýsingu á dagskrárliðum og gögnum fundarins.
- Ákvarðanir sem teknar eru og atkvæðagreiðslur, ef til þeirra kemur.
- Sérstakar bókanir stjórnarmanna.
- Upphaf og lok fundartíma.
- Tilhögun næsta stjórnarfundar.

Fundargerðir skulu að öllu jöfnu sendast stjórnar- og varastjórnarmönnum innan viku frá því að fundi lauk. Fundargerðir eru lagðar fram til staðfestingar í upphafi næsta stjórnarfundar og skulu athugasemdir og samþykktir bókast í fundargerð þess fundar. Náist ekki sátt um meiriháttar athugasemd við fundargerð skal greidd um hana atkvæði á þeim fundi er hefur fundargerðina til umfjöllunar og samþykktar. Skulu þeir einir sem sátu fund þann er fundargerðin fjallar um eiga atkvæðisrétt.

Í þeim tilvikum að um sérstaklega viðkvæm mál er að ræða, eða mál tengd miklum hagsmunum einstaklinga, UMSS eða aðildarféлага þess, sem telja ber að séu ekki á vitund nema mjög fárra manna, getur formaður eða máls hefjandi ákveðið að slík mál séu meðhöndluð trúnaðarmál á stjórnarfundum. Mál sem tiltekið er sem trúnaðarmál skal ekki rætt við aðra en stjórnarmenn og málsaðila. Þau gögn sem lögð eru fram í málum sem svo eru skilgreind taka stjórnarmenn ekki með sér af stjórnarfundum. Umfjöllun og niðurstaða stjórnar í málum sem merkt eru sem trúnaðarmál skal rituð í sérstaka trúnaðarbók eða felld út úr fundargerðum sem birtar eru á vefsíðu UMSS.

3. Upplýsingagjöf til stjórnarmanna

Upplýsingagjöf til stjórnar fer fram á stjórnarfundum. Stjórnarmenn hafa aðgang að öllum gögnum um félagið sem nauðsynleg eru til að þeir geti sinnt stjórnunar- og eftirlitsskyldu sinni á starfstíma sínum. Gögn í samræmi við boðaða dagskrá skulu, sé þess þörf eða óskað, send til stjórnar eða berast stjórnarmönnum með fundarboði. Óski stjórnarmaður eftir tilteknum gögnum, t.d. um rekstur og starfsemi félagsins, skulu þau einnig send öðrum stjórnarmönnum.




Formannafundur UMSS

Formannafundur UMSS á að reyna að halda tvisvar á ári að hausti og í byrjun sumars. Markmið fundanna eru:

- Kynning á starfi aðildarfélaga.
- Kynning á starfi UMSS.
- Undirbúningur fyrir ársþing UMSS.
- Kynningar á verkefnum og/eða fræðsla til fulltrúa aðildarfélaga.

Stefna UMSS





Framtíðarsýn UMSS

UMSS er framsækið ungmennasamband í sífelldri þróun. Við erum samstarfsvettvangur aðildarfélaga okkar í félagsstarfi, keppnis- og almenningsíþróttum. Við veitum aðildarfélögum góða þjónustu á vettvangi íþróttastarfsemi, reksturs og félagsmála. Við erum sýnileg í samfélaginu og stuðlum að jafnrétti til þátttöku í íþróttá- og félagsstarfi. Við leitumst við að efla þekkingu og hugsjón félagsmanna og viljum þannig byggja styrkari stoðir undir íþróttá- og félagsstarf í samfélaginu.



Hlutverk UMSS

Íþróttir og heilbrigði

UMSS leggur rækt við að efla íþróttaiðkun og heilsurækt barna og fullorðinna á starfssvæði sínu. Efling almennings- og keppnisíþróttar meðal barna og fullorðinna er forgangsmatariði í starfi UMSS.

Fræðsla

UMSS leggur áherslu á fræðslu í sínu starfi. Það er trú félagsmanna að með aukinni þekkingu innan svæðisins á forvarnar- og félagsmálum, mann- og heilsurækt verði samfélagið sem við búum í heilbrigðara og sterkara auk þess sem aukin fræðsla sé til þess fallin að auka fagmennsku innan íþróttahreyfingarinnar á svæðinu.

Þjónusta

UMSS leitast við að veita aðildarfélögum sínum góða og skilvirka þjónustu samkvæmt ákvæðum laga ÍSÍ og UMFÍ. Megin verkefni skrifstofu UMSS er að gæta hagsmuna aðildarfélaganna gagnvart íþróttahreyfingunni og sveitarfélögum. Það gerir UMSS í gegnum rekstur skrifstofu sinnar sem er ætlað að vera þjónustuaðili við félögin sem heild og einstaklinga innan þeirra.

Félagsauður

UMSS er umhugað um að efla og styrkja samfélögin sem það starfar í. Hluti af því er að efla félagsauð samfélaganna. Hverjum einstaklingi er það mjög mikilvægt að eiga sterkt og gott félagslegt net. Besta leiðin til að skapa það er að vera virkur í samfélaginu og að gefa til þess krafta sína og hæfileika. Til að stuðla að þessu vill UMSS efla félagshæfni félagsmanna sinna og gefa þeim færi á að vera virkir þátttakendur í samfélaginu.

Framsýni

UMSS þarf að vera í stöðugri endurnýjun og fylgja straumum og stefnum í þjóðfélaginu á hverjum tíma, eigi sambandið að vaxa og dafna. Vera þarf vakandi fyrir nýjungum sem styrkja starfið. Hlúa þarf að hugsjón og sköpun í starfinu og byggja þannig stoðir undir framtíð UMSS og aðildarfélaganna þess.



Íþróttir og heilbrigði

- Almenningsíþróttir:
- Stuðla að öflugu samstarfi milli aðildarféлага UMSS.
- Hvetja til og styðja við skynsamlega uppbyggingu íþróttamannvirkja á svæðinu og samnýta þá aðstöðu sem fyrir hendi er.
- Hvetja til og styðja við samnýtingu þjálfara aðildarfélaganna með sem skilvirkustum hætti.
- Auka sýnileika íþróttanna með öflugum íþróttamótum og viðburðum.
- Keppnisíþróttir:
- Stuðla að fjölbreyttu og vel skipulögðu mótahaldi innan svæðisins t.d. á milli félaga og á milli skóla.
- Greiða leið barna og unglinga til þátttöku á íþróttamótum t.d. Unglingalandsmóti UMFÍ o.s.frv.
- Hafa áfram á að skipa keppnisliði í frjálsíþróttum.
- Skoða möguleika á sameiginlegum keppnisliðum í öðrum íþróttgreinum.

Fræðsla

- UMSS á að einbeita sér að:
- Forvörnum varðandi áfengis-, tóbaks-, og vímuefnaneyslu.
- Lýðheilsu og hreyfingu.
- Þjálfun og menntun þjálfara, iðkenda og dómara.
- Félagsmálum og að stuðla að virkri þátttöku einstaklinga í samfélaginu.
- Leiðtogaþjálfun.

Þjónusta

- Starfrækja öflugra skrifstofu sem sinnir eftirfarandi verkefnum:**
- Leita uppi styrktaraðila og gera við þá samninga auk þess sem að rækta sambönd sem fyrir eru.
 - Vera í nánú samstarfi við sveitarfélögin varðandi málefni íþróttanna og tómstunda og veita þeim ráðgjöf og aðhald.
 - Aðstoða við gerð styrkumsókna, undirbúning ferðalaga o.fl. sem aðildarfélögin og einstaklingar innan þeirra leita eftir.
 - Veita forystu og faglega þjónustu á sviði reksturs, félagsmála og íþróttastarfsemi.
 - Sjá um samskipti við ÍSÍ, sérsambönd og UMFÍ.
 - Öðlast og viðhalda gæðavottun ÍSÍ (líkt og Fyrirmyndarfélag).

Félagsauður

- Stuðla að jafnræði íþróttgreina.
- Starfa af fagmennsku, heilindum og setja sér siða- og starfsreglur.
- Efla félagsþroska s.s. samskiptahæfileika, auka sjálfstraust og efla ungmennafélagsandann.

Framsýni

- Nýta tækninýjungar til að tengjast félagsmönnum, s.s. samskiptasiður, vefsíður o.fl.
- Vera vakandi fyrir iðkun nýrra íþróttgreina sem eru vinsælar.
- Vera á varðbergi gangvart breytingum á þjóðfélagsaðstæðum og nýta tækifæri sem bjóðast.

Hlutverk UMSS er einnig að:

- Stuðla að heilbrigðum lífsstíl, almennri lýðheilsu og hreyfingu.
- Vinna gegn hverskonar ofbeldi.
- Vinna gegn fordómum.
- Forvarnir varðandi áfengis-, tóbaks-, og vímuefnaneyslu og notkun ólöglegra getuaukandi efna.
- Þjálfun og menntun þjálfara, leiðbeinenda, iðkenda og dómara.
- Auka þekkingu á félagsmálum og að stuðla að virkri þátttöku einstaklinga í samfélaginu.
- Leiðtogarþjálfun.

UMSS skal fræða félagsmenn:

- Um heilbrigðan lífsstíl, s.s. um jákvæð áhrif hreyfingar og réttis mataræðis, um viðhorf og hugarfar o.fl.
- Um skaðleg áhrif neyslu vímuefna, s.s. áfengis, tóbaks og fíkniefna. Einnig um notkun ólöglegra getuaukandi efna, s.s. stera o.fl.
- Um áhrif ofbeldis hvort sem um er að ræða líkamlegt, andlegt eða kynferðislegt ofbeldi.
- Um að halda á lofti umræðu um einelti og fræða um áhrif og afleiðingar.
- Um félagsmál og leiðtogafærni sem er til þess fallin að styrkja innviði UMSS, aðildarfélaga þess og samfélagið í heild.
- Um íþróttir og hreyfingu til þess að auka menntunarstig þjálfara og leiðbeinenda á öllum aldursstigum.

Markhópar UMSS:

- Þjálfarar/leiðbeinendur. Gæta þess að ná til allra. UMSS bjóði almenna fræðslu, án tillits til íþróttagreina. Jafnframt hafi UMSS milligöngu um sérhæfða fræðslu ef eftir því er óskað.
- UMSS leggur áherslu á að aðildarfélög hafi á að skipa vel menntuðum þjálfurum.
- Stjórnarfolk. Leggja áherslu á leiðtoga- og félagsmálafræðslu, ásamt fræðslu um rekstur og fjármál innan íþróttar- og ungmennafélagshreyfingarinnar.
- Börn- og unglingar. Bjóða upp á almenna fræðslu um íþróttir, heilbrigðan lífsstíl og forvarnir.
- Foreldrar/aðstandendur styrkja þekkingu og færni til að styðja við starfsemi sem snýr að börnum og unglíngum.

Leiðir til fræðslu

- Námskeið. Auglýst og skipulögð námskeið í samstarfi við UMFÍ, ÍSÍ, sveitarfélög og aðra tengda aðila.
- Fyrirlestrar. Byggja fyrst og fremst á þekkingu og reynslu þeirra sem standa nærri samfélaginu. Leita til einstaklinga með sérþekkingu og eins til þekktra fyrirmynda. Sækja í fjölbreytta fræðslu sem nýtist sem flestum.
- Aðgengilegt fræðsluefni á vef og í bæklingum. UMSS hýsi á vefsíðu sinni fræðsluefni og/eða tengla inn á efni sem nýtist fyrir félagsmenn. Skrifstofa UMSS eigi eða útvegi fræðsluefni s.s. bæklinga og bækur.

Samstarf:

- Aðildarfélag
- Stjórnir og nefndir.
- Almennir félagsmenn.
- Iðkendur.
- Sveitarfélag
 - Styðja við verkefni, s.s. heilsueflandi samfélag og önnur verkefni sem til þess eru fallin að styrkja lýðheilsu í samfélaginu.
 - Skólar. Hafa samstarf við skóla varðandi t.d. eineltismál, miðlun upplýsinga og kynningu á framboði í tómstundum og félagsstarfi. Koma á íþróttaviðburðum og hafa milligöngu um íþróttamót milli skóla o.fl.
 - Íþróttamannvirki. Hafa samstarf og samráð við sveitarfélag varðandi aðbúnað í íþróttahúsum. Tryggja jafnan rétt og aðgengi.
- Önnur félagasamtök. Stuðla að samstarfi við önnur félagasamtök til að styrkja grunnstoðir í samfélaginu og þetta tengslanet í æskulýðsstarfi.

Þátttaka

- Á mótum s.s. ULM, viðburðum tengdum íþróttum og ungmennafélagsstarfi.
- Stuðla að jöfnum tækifærum óháð kyni, kynþætti, trú, þjóðerni og fötlun. Hvetja til stofnunar og viðhalds sjóða til að jafna tækifæri. Styðja við átaksverkefni sem hvetja til jafnra tækifæra.
- Vinna gegn fordómum s.s. trúarlegum fordómum, kynjafordómum, kynþáttafordómum og fordómum vegna fatlana og tryggja þannig aðgengi allra.

Einelti:

Í félagsstarfi innan íþrótt- og ungmennafélagshreyfingarinnar er mikilvægt að öllum líði vel hvort sem er í leik eða starfi. Allir sem koma að starfinu eiga þann grundvallarrétt að geta verið þátttakendur án þess að verða fyrir endurteknu áreiti eða ofbeldi. Aðstandendur félaga og þjálfarar bera því ríka ábyrgð. UMSS og aðildarfélag þess leggi áherslu á að stuðlað sé að uppbyggjandi og vönduðu starfi fyrir börn og unglinga.

UMSS einsetur sér að þau eineltismál sem koma upp innan aðildarfélaga verði leyst á farsælan og ábyrgan hátt.

Þjálfarinn er í góðri stöðu til þess að koma auga á samskiptavanda. Mikilvægt er að hann sé undir það búinn og hafi þekkingu til að taka á málum sem upp koma eða vísa þeim í réttan farveg verði þau ekki leyst með öðrum hætti.

Einelti er endurtekin áreitni eða ofbeldi, líkamlegt eða andlegt, sem stýrt er af einstaklingi eða hópi og beinist að einstaklingi sem ekki tekst að verja sig. Líkamlegt einelti getur verið barsmíðar, spörk, hrindingar eða meiðingar af öðru tagi. Andlegt einelti felst í stríðni, útilokun, hótunum eða höfnun.

Einstaklingur er lagður í einelti þegar hann verður fyrir:

1. Stríðni
2. Hótunum



3. Útilokun
4. Endurteknu líkamlegu ofbeldi
5. Annarri niðurlægjandi áreitni

Ofbeldi er vísvitandi meiðandi hegðun þar sem einstaklingur eða hópur beitir valdi til að meiða eða niðurlægja aðra. Hafa skal í huga að ofbeldi getur einnig verið af kynferðislegum toga, t.d. óviðeigandi snerting, talsmáti eða önnur tjáning. Einstakt ofbeldisatvik getur verið merki um að sá sem fyrir ofbeldinu verður hafi verið lagður í einelti.

Að þekkja einelti

Sá einstaklingur sem verður fyrir einelti eða ofbeldi segir oft ekki frá því heldur skammast sín og kennir sjálfum sér jafnvel um. Þess vegna er mjög áriðandi að allir þekki einkenni eineltis. Hugsanlega er um einelti að ræða ef iðkandinn:

- er hræddur við að ganga einn á leið sinni til æfinga eða heim eftir æfingar,
- vill ekki fara á æfingar eða aðrar samkomur sem eru á vegum aðildarfélagi UMSS,
- fer að koma heim með rifin föt,
- hættir að fara í sturtu eftir æfingar,
- fer að koma heim með blaut íþróttaföt (kastað í sturtuna),
- byrjar að stama, missir sjálfstraustið,
- leikur sér ekki við önnur börn,
- neitar að segja frá hvað amar að,
- kemur heim með marbletti eða skrámur sem hann getur ekki útskýrt og/eða
- verður árásgjarn og erfiður viðureignar.

Þann 27. apríl 2014 var undirritaður sáttmáli á milli UMSS og Vinaverkefnisins í Skagafirði um samstarf um forvarnir gegn einelti. Kveikjan að þeim sáttmála kom frá íþróttahreyfingunni þar sem óskað var eftir liðsinni starfsmanna Vinaverkefnisins til að vinna í sameiningu að því að skapa börnum og ungmennum í Skagafirði umhverfi þar sem einelti fær ekki þrífist. Liður í þessu samstarfi er að veita reglubundna fræðslu til starfsmanna í íþróttá – og tómstundageiranum með námskeiðahaldi að vori og hausti.

UMSS fylgir stefnu ÍSÍ í að etja ekki börnum út í keppni fyrr en þau hafa aldur og þroska til að standa frammi fyrir þeim áskorunum sem í keppni felst.

UMSS fylgir stefnu ÍSÍ um barna og unglingsíþróttir og aðalstjórn ber ábyrgð á að stefnan sé kynnt innan félagsins.



Fræðslu- og forvarnarstefna Ungmennasambands Skagafjarðar

UMSS leggur áherslu á fræðslu í sínu starfi. Það er trú félagsmanna að með aukinni þekkingu innan svæðisins á forvarnar- og félagsmálum, mann- og heilsurækt verði samfélagið sem við búum í heilbrigðara og sterkara auk þess sem aukin fræðsla sé til þess fallin að auka fagmennsku innan íþróttahreyfingarinnar á svæðinu. Þá skal huga að forvörnum gegn neyslu vímuefna, gegn ólöglegum getuaukandi efnum og gegn ofbeldi. UMSS og aðildarfélög vinna með Viðbragðsáætlun íþrótt- og æskulýðsstarfs og leitað er til Samskiptaráðgjafa vegna mála sem koma upp í áætlunni sé þess þörf á svæðinu.

UMSS:

Vinnur eftir markvissri stefnu

- Hvetur aðildarfélög til þess að festa í lög sín/reglugerðir/vinnureglur ákvæði þar sem tekin er einörð afstaða gegn neyslu á áfengi, tóbaki, rafretum og öðrum fíkniefnum.
- Öll aðildarfélög hafi að leiðarljósi að íþróttaiðkun fylgir alltaf uppeldisluti og skulu allir hlutaðeigandur vera meðvitaðir um það í öllu starfi sínu. Íþróttmenning sé virt sem mikilvægur hluti samfélagslegra gilda.
- Öllum aðildarfélögum ber skylda til að kynna og viðhalda þekkingu og meðvitund iðkenda, þjálfara og annars starfsfólks á siðareglum félagsins. Einnig að fylgja eftir agabrotum og vinna eftir viðbragðsáætlun hvað það varðar sem og ofbeldis, eineltis, kynbundinnar og kynferðislegrar áreitni.

Stuðlar að aukinni og almennari þátttöku ungs fólks í íþróttastarfi

- Hvetja aðildarfélög til þess að vinna markvisst að því að fjölga iðkendum íþróttá meðal barna og unglinga, m.a. með því að auka fjölbreytni í iðkuninni og tryggja þannig að öll börn og unglingar fái tækifæri til að stunda íþróttir í samræmi við eigin þarfir, getu og áhuga.
- Nýta mannvirki og aðstöðu íþróttahreyfingarinnar til að festa íþróttastarf í sessi sem raunhæfan valkost til skemmtunar fyrir unglinga t.d. með því að bjóða upp á iðkun óhefðbundinna greina.
- Halda opin hús í íþróttamannvirkjum eða efna til annars konar íþróttastarfs fyrir þessa aldurshópa þar sem meiri áhersla er lögð á að koma til móts við þarfir þeirra fyrir afþreyingu og skemmtun, en keppni og afrek.

Vinnur að aukinni þekkingu á skaðsemi fíkniefna og forvörnum innan aðildarfélaga

- Fela þjálfurum að fræða þá iðkendur sem þeir þjálfu um áhrif áfengis, rafretna, tóbaks og fíkniefna og áhrif þeirra á heilbrigði og árangur í íþróttum.
- Hvetja aðildarfélög til þess að fjalla um fíkniefni og forvarnir í málsgögnum sínum og ritum.

Samþykkt á 98. Ársþingi UMSS 10. mars 2018

Félagsmálastefna Ungmennasambands Skagafjarðar

UMSS er umhugað um að efla og styrkja samfélögin sem það starfar í. Hluti af því er að efla félagsauð samfélaganna. Hverjum einstaklingi er það mjög mikilvægt að eiga sterkt og gott félagslegt net. Besta leiðin til að skapa það er að vera virkur í samfélaginu og að gefa til þess krafta sína og hæfileika. Til að stuðla að þessu vill UMSS efla félagshæfni félagsmanna sinna og gefa þeim færi á að vera virkir þátttakendur í samfélaginu.

UMSS:

- Vinnur að því að viðhalda og efla starfsemi Ungmennaráðs sveitarfélagsins Skagafjarðar í samráði við sveitarfélagið.
- Vinnur að stofnun ráðs 50+ félagsmanna til að auka veg og virðingu hreyfingar og tómstunda fyrir þennan aldurshóp.
- Vinnur að mótum heilsteyprar stefnu í íþróttá- og tómstundamálum innan héraðs í samráði við sveitarfélagið Skagafjörð. Þar skal fjölgun iðkenda og aðstöðujöfnun þeirra vera að leiðarljósi. Stefnan mun skiptast í fjóra flokka: íþróttastarf barna- og unglínga, almenningsíþróttir, afreksíþróttir, tómstundastarf. Stefnan verður kynnt formlega þegar hún er tilbúin og mun innihalda skýra verkaskiptingu og ábyrgð.

Samþykkt á 98. Ársþingi UMSS 10. mars 2018

Jafnréttisstefna Ungmennasambands Skagafjarðar

Allir einstaklingar innan UMSS skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kynferði eða kynþætti.

Jafnréttisstefna er gerð með þeim tilgangi að vekja athygli á rétti hvers einstaklings til jafnra tækifæra í lífinu og að það sé hagur samfélagsins í heild að jöfn virðing sé borin fyrir hæfileikum kvenna og karla. Íslensk jafnréttislöggjöf hefur jafnrétti kynjanna að markmiði og það gerir jafnréttisáætlun UMSS einnig. Er það í samræmi við ákvæði 12. greinar laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

Til að stuðla að jafnrétti kynja og kynþátta leggur UMSS áherslu á:

- Að jafnréttissjónarmiða sé gætt í hvívetna í öllu starfi félagsins og að hvers kyns kynja- eða kynþáttamismunum verði ekki liðin.
- Að veita báðum kynjum tækifæri á að æfa jafn mikið og jafn oft og gera engan greinarmun á drengja- og stúlknaflokkum við útdeilingu æfingartíma.
- Að hafa vel menntaða og hæfa þjálfara í öllum flokkum. Gerðar eru sömu ráðningarkröfur til þjálfara drengja- og stúlknaflokka og að sömu laun eru greidd fyrir vinnu þjálfara í karla og kvennaflokka.
- Að iðkendur, félagsmenn og starfsmenn hafi ekki uppi orð eða athafnir sem líta má á sem kynja- eða kynþáttamisrétti gagnvart öðrum, hvort sem um ræðir einstaklinga eða hópa innan eða utan félagsins. Áhersla er lögð á að iðkendur og aðrir félagsmenn geri ekki athugasemdir við litarhátt, talsmáta eða annað í fari iðkenda, ættingja þeirra eða keppinauta sem skilja má sem særandi athugasemd um uppruna þeirra
- Að iðkendur og aðrir félagsmenn séu meðvitaðir um menningarmun, hugsanlega vanþekkingu innflytjenda á íslenskum aðstæðum og úrræðaleysi þeirra gagnvart þeim
- Að iðkendur og aðrir félagsmenn leggi sig fram um að aðstoða innflytjendur við aðlögun að félagsstarfi allra aðildarfélaga UMSS.

Samþykkt á 98. Ársþingi UMSS 10. mars 2018



Persónuverndarstefna Ungmennasambands Skagafjarðar

1. Almenn

Ungmennasamband Skagafjarðar, kt. 670269-0359, með aðseturs að Víðigrund 5, 550 Sauðárkróki (hér eftir vísað til sem „UMSS“) leggur ríka áherslu á að vernda persónuupplýsingar sem unnið er með í starfseminni. Persónuverndarstefnu þessari er ætlað að skýra hvernig við öflum og notum persónuupplýsingar og hvaða réttindi einstaklingar eiga sem skráðir eru hjá UMSS. Persónuverndarstefnan tekur mið af regluverki persónuverndar eins og það er á hverjum tíma.

UMSS leitast við að uppfylla ákvæði og regluverk laga um persónuvernd sem í gildi eru á hverjum tíma. Persónuverndarstefna þessi er byggð á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr.90/2018 (pvl.) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB), nr. 2016-679 (rglg.).

UMSS telst vera ábyrgðaraðili í skilningi laganna og ber samkvæmt því ábyrgð á því hvernig persónuupplýsingar eru unnar í starfseminni. Persónuverndarstefnan er aðgengileg á heimasíðu UMSS og var þessi útgáfa samþykkt þann 13. mars 2023.

2. Meginreglur Persónuverndar

Við höfum ávallt í huga meginreglur persónuréttar við vinnslu persónuupplýsinga. Þessar reglur fela meðal annars í sér að persónuupplýsingar séu:

- áreiðanlegar og uppfærðar reglulega;
- unnar með lögmætum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti;
- fengnar í skýrt tilgreindum og málefnalegum tilgangi;
- unnar af hófsemi og miðast við tilgang söfnunar;
- varðveittar með öruggum hætti og ekki lengur en þörf er á.

Við leitumst við að öll vinnsla persónuupplýsinga sé viðhöfð með hliðsjón af meginreglunum þannig að tryggja megi réttindi einstaklinga sem best.

3. Hvaða persónuupplýsingum söfnum við og hvernig ?

Það er óhjákvæmilegt að ýmsum persónuupplýsingum sé safnað í starfsemi sambandsins um mismunandi hópa einstaklinga. UMSS safnar og vinnur persónuupplýsingar meðal annars um:

- Starfsumsækjendur
- Starfsmenn
- Félagsmenn
- Iðkendur
- Keppendur
- Viðskiptamenn

Eðli og magn upplýsinganna sem safnað er fer eftir því hvaða einstaklinga er um að ræða. Ólíkum upplýsingum er safnað á milli flokka einstaklinga. Dæmi um flokka persónuupplýsinga og upplýsingar sem við vinnum eru:

- Starfsumsækjendaupplýsingar, svo sem nafn, kennitala, heimilisfang, fyrri störf og menntun, kunnátta og fleiri upplýsingar í tengslum við starfsumsóknir.



- Starfsmannaupplýsingar, svo sem nafn, kennitala, mynd, lögheimili, sími, netfang, starfsheiti, bankareikningur og fleira. Við kunnum einnig að vinna viðkvæmar persónuupplýsingar um starfsmenn, eins og heilsufarsupplýsingar vegna veikinda og upplýsingar um stéttarfélagsaðild.
- Félagsmanna- eða iðkenda upplýsingar, svo sem nafn, kennitala, netfang, hlutverk í hreyfingu.
- Upplýsingar um keppendur, svo sem nafn, kennitala, kyn, íþróttagrein, árangur, heiti móts, tegund móts.
- Viðskiptamannaupplýsingar, svo sem nafn, netfang, tengsl við fyrirtæki, símanúmer, starfsheiti og samskiptasaga.

Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða, en persónuupplýsingarnar sem við vinnum koma venjulega beint frá skráðum einstaklingi. Þær geta þó einnig komið frá þriðja aðila eins og mótakerfi, félagatal o.fl. Við höfum ávallt í huga meginreglur persónuréttar við vinnslu persónuupplýsinga. Þessar reglur fela meðal annars í sér að persónuupplýsingar séu:

- áreiðanlegar og uppfærðar reglulega;
- unnar með lögmeðum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti;
- fengnar í skýrt tilgreindum og málefnalegum tilgangi;
- unnar af hófsemi og miðast við tilgang söfnunar;
- varðveittar með öruggum hætti og ekki lengur en þörf er á;
- unnar þannig að viðeigandi öryggi persónuupplýsinganna sé tryggt.

Við leitumst við að öll vinnsla persónuupplýsinga sé viðhöfð með hliðsjón af meginreglunum þannig að tryggja megi réttindi einstaklinga sem best.

4. Hver er grundvöllur og tilgangur vinnslunnar ?

UMSS vinnur persónuupplýsingar um einstaklinga á grundvelli samþykkis, einkum um félagsmenn og iðkendur sem gerast aðilar að aðildarfélagum UMSS og í markaðstilgangi. Þegar við skráum upplýsingar um félagsmenn og iðkendur innan UMSS í Sportabler þá gerum við það á grundvelli lögmætra hagsmuna sem felst einkum í lottógreiðslum tölfraeðivinnslu, sögulegs tilgangs að skrá í Sportabler. Upplýsingar eru einnig stundum unnar á grundvelli lögmætra hagsmuna, einkum þegar við skráum upplýsingar í gagnagrunninn Sportabler. Lögmætir hagsmunir okkar felast þá einkum í t.d. tölfraeði og sögulegum tilgangi. Í slíkum tilvikum fullvissum við okkur um það að grundvallarréttindi og frelsi skráðra einstaklinga vegur ekki þyngra en okkar hagsmunir af því að vinna upplýsingarnar.

Í sumum tilvikum vinnum við persónuupplýsingar einstaklinga á grundvelli samningssambands. Það á við einkum um starfsumsækjendur, starfsmenn, viðskiptamenn, birgja og verktaka. Það getur einnig verið í þeim tilgangi að koma slíku samningssambandi á. Við kunnum einnig að vinna persónuupplýsingar um félagsmanna á grundvelli samnings.

Þá fer vinnsla fram til að uppfylla lagaskyldu sem hvílir á okkur, svo sem í tengslum við útgreiðslu launatengdra gjalda, samkvæmt vinnuréttarlöggjöf eða á grundvelli [jafnréttis laga], svo sem þegar við skráum upplýsingar um kyn félagsmanna

Viðkvæmar persónuupplýsingar eru einkum unnar um starfsmenn og keppendur á grundvelli samnings, lagaskyldu í þeim tilvikum höfum við gert viðeigandi verndarráðstafanir í samræmi við gerðar kröfur.

5. Miðlun

Almennt miðlum við ekki persónuupplýsingum einstaklinga sem eru skráðir hjá okkur. UMSS [Nafn] kann þó að miðla persónuupplýsingum til þriðja aðila við ákveðnar aðstæður. Til dæmis getur verið um að ræða þjónustuaðila eða verktaka sem veita ákveðna þjónustu, eins og ÍSÍ, UMFÍ, Greiðslumiðlun og sveitarfélagið Skagafjörð. Einnig getur verið um að ræða þjónustuaðila eða verktaka sem veita ákveðna þjónustu eins og t.d. tímatöku, upplýsingatækni og ljósmyndun. Þegar þessar aðstæður koma upp þá getur verið nauðsynlegt að veita slíkum aðila aðgang að persónuupplýsingum. Þegar slíkir aðilar hafa aðgang að persónuupplýsingum vegna eðli þjónustunnar sem um ræðir tryggir UMSS að aðeins séu afhentar persónuupplýsingar sem eru nauðsynlegar og um ábyrga vinnsluaðila sé að ræða sem bjóða upp á þjónustu sem uppfyllir skilyrði persónuverndarlaga, m.a. með tilliti til öryggis persónuupplýsinga.

Einstaklingar skulu athuga það að allt efni sem þeir kjósa að birta eða deila á samfélagsmiðlasíðum sem tengjast UMSS eru opinberar upplýsingar, þar á meðal nafn, mynd og athugasemdir, sem deilt er á slíkum vettvangi. Með því að tengjast UMSS á samfélagsmiðlum lítum við svo á að leyfi sé gefið til að deila upplýsingum sem birtast á þeim vettvangi með veitanda samfélagsmiðlaþjónustunnar. Notkun þeirra upplýsinga tekur mið af persónuverndarstefnu samfélagsmiðilsins sem um ræðir og hvetjum við einstaklinga til að kynna sér það.

6. Öryggi

Mikið er lagt upp úr öryggi persónuupplýsinga hjá UMSS og hefur verið gripið til viðeigandi tæknilegra og skipulagslegra ráðstafana til að vernda persónuupplýsingar, með hliðsjón af eðli og umfangi þeirrar vinnslu sem um ræðir. Meðal annars með innleiðingu ferla og verklags, sem og tæknilegar öryggisráðstafana, sem taka tillit til eðli upplýsinganna sem um ræðir og áhættu fyrir skráða einstaklinga.

Verði öryggisbrestur sem varðar persónuupplýsingar og hefur í för með sér áhættu fyrir skráða einstaklinga mun UMSS tilkynna slíkt án ótilhlýðilegra tafa til Persónuverndar. Í ákveðnum tilfellum ber UMSS einnig að tilkynna skráðum einstaklingum um öryggisbresti. UMSS hefur komið sér upp verkferlum til að bregðast við slíkum aðstæðum.

7. Vaðveisla

UMSS geymir persónuupplýsingar í þann tíma sem nauðsynlegt er til að uppfylla tilgang vinnslunnar sem um ræðir nema lengri geymslutíma sé krafist eða hann leyfður samkvæmt lögum. Lög sem okkur bera að fylgja eru t.d. lög um bókhald sem kveða á um 7 ára geymslutíma gagna. Að þeim tíma liðnum er upplýsingunum eytt.

Sé möguleiki á því að þörf verði fyrir persónuupplýsingar síðar til að uppfylla lagaskyldu eða vegna lögmætra hagsmuna, mun UMSS varðveita þær persónuupplýsingar með eins öruggum hætti og nauðsyn ber til.



8. Réttindi einstaklinga

Einstaklingar geta óskað eftir upplýsingum um vinnslur UMSS og einnig geta þeir óskað eftir því að nýta önnur réttindi með því að senda skriflega fyrirspurn á netfangið: umss@umss.is
Dæmi um réttindi einstaklinga eru:

- aðgangur að skráðum persónuupplýsingum
- afrit af persónuupplýsingum, réttur til leiðréttingar persónuupplýsinga og eyðingar
- mótmæla vinnslu og/eða takmarka vinnslu
- draga til baka samþykki fyrir vinnslu
- óska eftir því að persónuupplýsingar séu fluttar til annars aðila

Einstaklingar kunna að eiga frekari réttindi í tengslum við vinnslu UMSS á persónuupplýsingum. Þá kann framangreint að vera háð takmörkunum sem leiða meðal annars af lögum eða lögmætum hagsmunum UMSS. Við munum óska eftir staðfestingu á auðkenni þeirra einstaklinga sem virkja réttindi sín, svo sem með ökuskrirteini eða vegabréfi, til þessa að tryggja það að upplýsingarnar berist ekki í hendur óviðkomandi aðila.

9. Vafrakökur (e. Cookies)

Vafrakökur (e. cookies) eru textaskrár sem hlaðast inn í vafra þegar notendur fara inn á vefsvæði. Vafrakökur gera vefsvæðum kleift að greina á milli notenda og hvernig þeir nota vefsvæði.

UMSS notar vafrakökur til að mæla heimsóknir á vefsíðuna sína. Umferð á vefinn er svo mæld og greind með Google Analytics. Skráður er tími og dagsetning heimsókna á vefinn niður á IP tölur, frá hvaða vefsíðu heimsóknir koma, tegund vafra og stýrikerfis, og hvaða leitarorð notendur nota til að komast á vefinn, sem og til að finna efni innan hans.

Vafrakökur eru notaðar til að bæta viðmót og notendaupplifun á vefsíðum UMSS. Einnig til að muna mikilvægar upplýsingar frá fyrri heimsóknum notenda. Upplýsingar sem vafrakökurnar safna, eru geymdar í 30 dagar og eyddar að þeim tíma loknum.

Takmarka má notkun vafrakakna í vöfrum og eyða þeim. Það er ólíkt eftir vöfrum hvernig ferlið er en leiðbeiningar má finna í hjálparvalmöguleikum vafra.

10. Samskipti við UMSS og Persónuvernd

Fyrirspurnum vegna persónuverndarmála UMSS er unnt að beina á netfangið umss@umss.is eða í gegnum síma 453 5460.

Komi upp ágreiningur um meðferð persónuupplýsinga er unnt að senda kvörtun til Persónuverndar. Upplýsingar um hvernig hafa má samband við Persónuvernd má finna á heimasíðu Persónuverndar: www.personuvernd.is.

11. Breytingar á Persónuverndarstefnu UMSS

Persónuverndarstefnan er endurskoðuð reglulega og kann því að taka breytingum. Breytingar á stefnunni öðlast gildi við birtingu nýrrar á heimasíðu UMSS sbr.: <http://www.umss.is>.

Samþykkt á stjórnarfundum UMSS, 13.03.2023.

Umhverfisstefna Ungmennasambands Skagafjarðar

UMSS leitast við að hafa umhverfissjónarmið að leiðarljósi í allri sinni starfsemi. Aðildarfélög UMSS eru hvött til að taka mið af umhverfissjónarmiðum í sínu íþróttastarfi og samþætta umhverfishugsun inn í dagleg störf, enda þarf starf félaganna að fara fram í sátt við náttúruna og nánasta umhverfi.

- Umgengnisreglur séu til staðar fyrir íþróttamannvirki héraðsins og eru aðgengileg fyrir iðkendum.
- Hvatt er til sparnaðar í keyrslu á æfingar og mót með því að sameinast um bíla.
- Ruslafötur eru til staðar á æfinga- og keppnissvæðum og aðilar upplýstir um það.
- Tiltekt fer fram að lokinni æfingu og/eða keppni.
- Aðgengi er fyrir fatlaða.
- Æfinga- og keppnissvæði eru reykt og rafrettulaus.
- Iðkendum aðildafélaga UMSS eru hvattir til að safna dósunum í fjáröflunarskyni.

Samþykkt á 98. Ársþingi UMSS 10. mars 2018

Samræmd viðbragðsáætlun fyrir íþróttá- og æskulýðsstarf

Samræmda viðbragðsáætlunin var unnin í sameiningu af Bandalagi íslenskra skáta (BÍS), Íþróttabandalagi Reykjavíkur (ÍBR), Íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSÍ), Kristilegu félagi ungra manna og kvenna (KFUM og K), Samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs, Slysavarnarfélaginu Landsbjörg, Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ) og Æskulýðsvettvanginum (ÆV). Kynningin á Viðbragðsáætluninni fór fram haustið 2022.

<https://www.samskiptaradgjafi.is/>

Tilgangur samræmdrar áætlunar er að sporna við atvikum sem geta mögulega komið upp og leiðbeint starfsfólki, sjálfboðaliðum og fleirum til að bregðast eins og rétt við ef til þess kemur. Enda er best fyrir alla aðila máls, ef viðbrögð eru samræmd.

<https://www.samskiptaradgjafi.is/verkfaerakista>

Samþykkt á 103. Ársþingi UMSS 21. mars 2023



Lög UMSS

LÖG UNGMENNASAMBANDS SKAGAFJARÐAR**I. kafli Um Sambandið****1. grein**

Sambandið heitir Ungmennasamband Skagafjarðar, skammstafað UMSS. Félagssvæði sambandsins er Skagafjarðarhérað. UMSS lýtur lögum Ungmennasambands Íslands (UMFÍ) og Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSÍ).

2. grein

Lögheimili og varnarþing UMSS er hið sama og lögheimili formanns hverju sinni.

3. grein

Markmið sambandsins er:

- Að stuðla að auknu samstarfi sambandsfélaganna um íþróttamál í samræmi við gildandi íþróttalög ÍSÍ.
- Að vinna að öðrum sameiginlegum hagsmuna- og áhugamálum félaganna og vera málsvari þeirra út á við.
- Að vinna að hverskonar menningar og framfaramálum og starfa í samræmi við stefnuskrá og lög Ungmennafélags Íslands (UMFÍ).

II. kafli Um Aðildarfélög**4. grein**

Rétt til aðildar að UMSS eiga þau ungmenna- og íþróttafélög sem starfa eða munu starfa á sambandssvæði UMSS, enda séu lög þeirra í samræmi við lög og stefnuskrá UMSS, UMFÍ og ÍSÍ.

Umsóknir um inngöngu í sambandið skulu berast stjórn UMSS ásamt skýrslum um stofndag og ár, lögum félagsins, félagaskrá og upplýsingum um stjórn þess. Stjórn UMSS sannreynir að starfsemi og lög viðkomandi félags samræmist að lögum og stefnum UMFÍ og ÍSÍ. Inntaka nýs félags verður að hljóta samþykki ársþings, en þó getur stjórn veitt bráðabirgðaaðild til næsta ársþings.

5. grein

Úrsögn aðildarfélaga úr UMSS getur aðeins farið fram á ársþingi og er einungis gild ef félagið er skuldlaust við sambandið. Þeim félögum sem eigi hafa tvö ár samfelld gert skil á árgjöldum eða ársskýrslu má víkja úr sambandinu, enn fremur þeim sem að öðru leiti gerast brotleg gagnvart lögum þess. Eigi getur félag, sem gengur úr sambandinu, krafist endurgjalds á fé, sem það hefur lagt til sambandsins, eða nokkurs hluta af eignum þess. Brottrekstur félags skal staðfestur á ársþingi.



6. grein

Aðildarfélögum UMSS er skylt að halda aðalfund árlega og ber að tilkynna þá með tveggja vikna fyrirvara til UMSS. Hvert félag skal gera skýrslu eftir hvert starfsár um hag sinn og starfsemi eftir fyrirmælum UMFÍ og ÍSÍ. Félagatal, ársreikningur og stjórnarskipan skal fært inn í félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ, innan þess frests sem ÍSÍ ákveður. Starfsskýrslum aðildarfélaga og nefnda skal skila til skrifstofu UMSS eigi síðar en viku fyrir boðað ársþing UMSS.

7. grein

Standi félög ekki við ákvæði 6.gr. þessara laga skal stjórn UMSS halda eftir lottótekjum fyrir viðkomandi ár og er heimilt að svipta félagið fulltrúarétti á ársþingi, þar til skil hafa verið gerð. Þá hefur ÍSÍ eða sérsambönd innan ÍSÍ heimild til þess að meina viðkomandi félagi þátttöku í mótum og viðburðum innan ÍSÍ þar til félagið hefur staðið í skilum samkvæmt lögum og reglugerðum ÍSÍ. Félög sem hafa annað rekstrarár en frá 1. janúar til 31. desember og þurfa þar af leiðandi að skila skýrslu síðar en tilgreindur frestur rennur út, skulu sækja sérstaklega um undanþágu til ÍSÍ og einnig senda erindi þess efnis til stjórn UMSS.

Reglur um félagaskipti fari eftir móta- og keppnisreglum ÍSÍ og lögum sérsambandanna.

III. kafli Um Ársþing

8. grein

Ársþing UMSS skal haldið þar á sambandssvæðinu sem síðasta ársþing eða stjórn UMSS ákveður. Ársþing skal halda eigi seinna en í marsmánuði ár hvert, til þess skal boðað skriflega með mánaðar fyrirvara. Ársþing er löglegt sé löglega til þess boðað. Síðara þingfundarboð, með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þingið skuli sendar aðildarfélögum, sérráðum og öðrum sem rétt eiga til þingsetu með minnst viku fyrirvara. Tillögur um lagabreytingar frá aðildarfélögum skal senda stjórn UMSS eigi síðar en tveim vikum fyrir ársþing og skulu þær kynntar aðildarfélögum með síðara þingfundaboði.

Stjórn UMSS boðar til aukapings ef þörf krefur eða um það koma áskoranir frá 1/2 aðildarfélaga. Enn fremur ef um það koma tilmæli frá stjórnnum landsambandanna, UMFÍ eða ÍSÍ.

Ákvæði um boðun aukapings og framkvæmd eru hin sömu og reglulegs ársþings. Óheimilt er að breyta lögum og kjósa nýja stjórn (nema til bráðabirgða) á milli ársþinga nema kallað sé til aukapings.

9. grein

Ársþing er æðsta stofnun UMSS. Þar skal stjórn UMSS leggja fram skriflega skýrslu um liðið starfsár svo og endurskoðaðan ársreikning fyrir sama ár. Þingið kýs stjórn, skoðunarmenn reikninga samkvæmt 10. og 11. grein þessara laga svo og kjörnefnd og aðrar starfsnefndir sem við á hverju sinni.



10. grein

Dagskrá ársþings skal vera þessi

1. Þingið sett
2. Kosning starfsmanna þingsins
 1. Þingforseti og varaforseti
 2. Þingritari og vararitari
 3. Kosning kjörbréfanefndar
 4. Skýrsla stjórnar
 5. Reikningar sambandsins og sjóða
 6. Kjörbréfanefnd skilar álit
 7. Atkvæðagreiðsla um reikninga
 8. Ávörp gesta
 9. Mál lögð fyrir þingið sem kynnt hafa verið í fundarboði
 10. Tillögur lagðar fram af þingfulltrúum
 11. Skipan í starfsnefndir
 1. Allsherjarnefnd
 2. Fjárhagsnefnd
 3. Íþróttanefnd
 4. Aðrar nefndir
 5. Nefndarstörf
 6. Þingnefndir skili álit og tillögur þeirra, sem falla undir síðari dagskrárliði teknar til umræðu og afgreiðslu
 7. Fjárhagsáætlun lögð fram til samþykktar
 8. Kosningar (kosningar skulu vera skriflegar, nema því aðeins að stungið sé upp á jafn mörgum og kjósa skal)
 1. Kosning formanns
 2. Kosning fjöggra einstaklinga í stjórn
 3. Kosning þriggja einstaklinga í varastjórn
 4. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og einn til vara
 5. Kosið í nefndir og ráð sambandsins eftir því sem þing ákveður hverju sinni
 6. Önnur mál
 7. Þingslit

11. grein

Ársþing skal ákveða árgjöld aðildarfélaganna til UMSS fyrir næsta starfsár. Hvert félag greiðir félagsgjöld til sambandsins fyrir hvern reglulegan féлага sem orðinn er 18 ára. Upphæð félagsgjalda yfirstandandi árs skal greiðast fyrir 31. desember sama ár. Reikningsár UMSS er almanaksárið.



12. grein

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum á þingum sambandsins. Til breytinga á lögum þarf þó 2/3 atkvæða. Atkvæðagreiðsla fari fram skriflega sé þess óskað.

13. grein

Formenn aðildarfélaganna eru sjálfkjörnir sem fulltrúar á ársþing og varamenn í forföllum þeirra.

Fulltrúafjöldi hvers aðildarfélags ákvarðast að öðru leiti af fjölda félagsmanna. Tala félagsmanna skal miðuð við tölu gjaldskyldra félaga (18 ára og eldri) við síðustu áramót.

- 2 fulltrúar auk formanns fyrir 0-100 félagsmenn.
- 3 fulltrúar auk formanns fyrir 101-150 félagsmenn.
- 4 fulltrúar auk formanns fyrir 151-200 félagsmenn.

Síðan bætist við einn fulltrúi fyrir hverja byrjaða 100 félagsmenn að 1000 félögum, en einn fulltrúa á hverja byrjaða 200 félaga þar fyrir ofan.

Atkvæðisrétt á þingum sambandsins hafa einungis kjörnir fulltrúar aðildarfélaganna og stjórn UMSS. Sérhver ungmennafélagi hefur málfrelsi og tillögurétt hvar sem er á fundum ungmennafélaganna. Auk þess eiga seturétt á þinginu með málfrelsi og tillögurétt, fulltrúar í sérráðum UMSS, aðrir sem kjörnir eru í trúnaðarstöður hjá sambandinu og þeir aðrir sem stjórn UMSS býður til þings.

IV. kafli Um Stjórn

14. grein

Stjórn UMSS skipa fimm einstaklingar: Formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Formaður skal kosinn til eins árs. Stjórnarmenn aðrir en formaður skulu kosnir til tveggja ára og skipta með sér verkum í stjórn. Þá skulu kosnir þrjár einstaklingar í varastjórn til eins árs í senn. Gefi stjórnarmaður sem sitja skal áfram kost á sér til formannskjörs er heimilt að kjósa hann og þá annan í hans embætti það sem eftir er kjörtímabilsins. Enn fremur skulu árlega kjörnir tveir skoðunarmenn reikninga. Kjósa skal fulltrúa á þing ÍSÍ það ár sem þing ÍSÍ er haldið, samkvæmt 12. grein laga ÍSÍ.

15. grein

Stjórn UMSS fer með málefni sambandsins milli þinga, eftir þeim reglum og innan þeirra takmarka sem lög og samþykktir setja. Hún veitir móttöku öllu því fé sem sambandinu



áskotnast, ávaxtar sjóði þess og fer með þá samkvæmt fjárhagsáætlun samþykktri á ársþingi.

16. grein

Stjórn UMSS skal halda fundi svo oft sem þurfa þykir. Þannig skal boða alla stjórn og varastjórn. Varastjórn hefur aðeins málfrelsi og tillögurétt á þessum fundum nema um forföll sé að ræða í aðalstjórn.

V. kafli Sérráð

17. grein

Innan UMSS geta starfað sérráð. Ársþing skilgreinir sérráð, ákveður hvaða ráð skulu starfa milli þinga, segir fyrir um skipan þeirra og setur þeim almennar reglur. Þó skal stjórn einnig heimilt að skipa sérráð ef ástæða er til. Stjórn sérráða skal skila ársskýrslu og reikningum til stjórnar UMSS fyrir lok janúar ár hvert. Sérráðum er ekki heimil lántaka fjármuna nema með samþykki stjórnar UMSS. Að öðru leyti starfar sérráð samkvæmt 8. kafla Sérráða 50. - 52. greinar laga ÍSÍ.

18. grein

Sérráð skulu almennt skipuð formönnum aðildarfélaga eða deilda innan aðildarfélaga sem sinna viðkomandi grein, eða fulltrúum þeirra. Sérráðin skipta sjálf með sér verkum og tilnefna formann. Stjórn UMSS staðfestir skipan formanna sérráða.

19. grein

Sérráð skulu annast skipulag mótahalds og viðburða í hlutaðeigandi íþróttagreinum. Sérráð gerir tillögur að reglum um mótahald og aðra starfsemi og staðfestir stjórn UMSS þær. Að fengnum upplýsingum frá sérráðum skal stjórn UMSS semja sameiginlega mótaskrá sem nær til allrar starfsemi á vegum UMSS og annast birtingu hennar á almennum vettvangi. Sérráð skulu sjá til þess að mótshaldarar á vegum þeirra komi upplýsingum um mót og úrslit til stjórnar UMSS svo fljótt sem verða má.

VI. kafli Önnur Ákvæði

20. grein

Komi fram tillaga á löglega boðuðu ársþingi UMSS um sambandsslit skal hún þegar tekin til umræðu og atkvæði um hana greidd. Því aðeins 4/5 atkvæðisbærra fulltrúa á þingi samþykki tillöguna skoðast hún samþykkt, þá skal þingi slitið tafarlaust. Fráfarandi stjórn situr áfram í fullu umboði og skal hún boða til aukapings innan tveggja mánaða. Þá skal tillagan borin upp að nýju. Sé hún samþykkt með 4/5 greiddra atkvæða fulltrúa á þinginu, skulu það heita lögleg sambandsslit. Verði tillagan aftur á móti felld skulu þingstörf halda áfram þar sem frá var horfið á fyrra þingi.



21. grein

Komi til sambandsslita samkvæmt 21. grein eða ef starfsemi UMSS fellur niður skulu sjóðir þess og aðrar eignir vera í vörslu UMFÍ þar til stofnað hefur verið annað samband aðildarfélaga UMFÍ í Skagafjarðarhéraði.

22. grein

Lög þessi öðlast þegar gildi og með þeim úr gildi fallin öll eldri lög Ungmennasambands Skagafjarðar.

Lög þessi samþykkt á ársþingi 1989. Breytt 1990, 1991, 1994, 1995, 1999, 2000, 2002, 2011, 2018, 2022 og 2023

Reglugerðir

Siðareglur Ungmennasambands Skagafjarðar (UMSS) og aðildarféлага

Tilgangur og markmið

Siðareglurnar þjóna þeim tilgangi að gera iðkendum, þjálfurum, foreldrum og öðrum sem að starfi ungmennasambandsins koma, grein fyrir því hvaða hegðunarviðmið eru höfð að leiðarljósi í starfinu og til hvers er ætlast af þeim einstaklingum sem koma fram í nafni UMSS og aðildarféлага þess. Markmið siðareglna er að stuðla að bættri framkomu og styðja metnaðarfulla og heiðarlega framgöngu allra, en einnig til að efla traust og fagmennsku út á við sem og inná við. Gengið er út frá því að allir iðkendur, þjálfarar, foreldrar, starfsfólk kynni sér siðareglurnar og fari eftir þeim. Brot á sérmerktum siðareglum eru álitin agabrot innan sambandsins og viðurlög við þeim í samræmi við samræmda viðbragðsáætlun fyrir íþrótt- og æskulýðsstarf á Íslandi.

Íþróttaiðkandi-og keppandi UMSS - þú skalt:

1. Alltaf gera þitt besta og bera ábyrgð á eigin frammistöðu.
2. Viðhalda jákvæðni í hugsun og orði, bæði þegar vel gengur og illa.
3. Virða alltaf reglur og venjur varðandi heiðarleika í íþróttum.
4. Sýna öllum iðkendum virðingu, jafnt samherjum sem mótherjum.
5. Hvorki þræta né deila við dómarrann.
6. Vera heiðarlegur, sanngjarn og opinn gagnvart þjálfara og forystufólki félagsins sem ber ábyrgð á þér við æfingar og keppni.
7. Forðast neikvætt tal eða niðurlægjandi köll um samherja, mótherja og þjálfara.
8. Koma fram við aðra eins og þú vilt að komið sé fram við þig
9. Vera ávallt stundvís á æfingar og keppnir, leggja þig alltaf fram.
10. Bera virðingu fyrir hæfileikum og getu annarra óháð því hvað fólk er ólíkt hvað varðar s.s. kyn, kynþátt, trúarbrögð og kynhneigð.

Að auki – Íþróttaiðkandi-og keppandi UMSS +18 – þú skalt:

1. **Hafa heilbrigði að leiðarljósi og neyta aldrei ólöglegra lyfja né vímuefna.*
2. Virða alltaf ákvarðanir dómara og annarra starfsmanna leiksins.
3. Forðast neikvæð ummæli eða skammir.
4. Vera heiðarleg/ur og opin í samvinnu við þjálfara og aðra sem styðja þig.
5. Taka sjálf/ur höfuðábyrgð á framförum þínum og þroska
6. Vera ávallt til fyrirmyndar varðandi framkomu, jafnt utan vallar sem innan og hafa hugfast að þú ert fyrirmynd yngri iðkenda.
7. ** Aldrei samþykkja eða sýna ógnandi eða ofbeldisfulla hegðun eða áreiti þar með talið kynbundið og kynferðislegt og beita þér gegn því.*
8. Forðast nán persónuleg samskipti við þjálfara þinn.



*Brot á sérmerktum siðareglum eru álitin agabrot innan sambandsins og viðurlög við þeim í samræmi við Samræmda Viðbragðsáætlun íþrótta- og æskulýðsstarfs.

Þjálfari:

1. Meðhöndlaðu alla iðkendur á einstaklingsgrunni og á þeirra eigin forsendum. Komdu vel fram við þá alla, óháð kyni, kynþætti, skoðunum, trúarbrögðum og kynhneigð sem þýðir m.a. að vera réttlát/ur, umhyggjusamur/söm og heiðarleg/ur gagnvart iðkendum þínum.
2. Styrktu jákvæða hegðun og framkomu. Viðhafðu einnig jákvæða gagnrýni og forðastu neikvæða gagnrýni.
3. Sjáðu til þess að þjálfun og keppni sé við hæfi iðkenda með tilliti til aldurs, reynslu og hæfileika.
4. Sýndu íþróttinni virðingu og virtu reglur hennar, venjur og siði. Stuðlaðu að því að iðkendur geri slíkt hið sama og kenndu þeim að virða dómara og keppinauta.
5. Fáðu iðkendur til að vera með í ákvörðunum sem tengjast þeim og kenndu þeim að bera ábyrgð á eigin hegðun og framförum í íþróttinni.
6. **Settu ávallt á oddinn heilsu og heilbrigði iðkenda þinna og varastu að setja þá í aðstöðu sem ógnað gæti heilbrigði þeirra.*
7. Sýndu athygli og umhyggju þeim iðkendum sem orðið hafa fyrir meiðslum.
8. Leitaðu samstarfs við aðra þjálfara og sérfræðinga þegar þess þarf.
9. Viðurkenndu rétt iðkandans til þess að leita ráða frá öðrum þjálfurum.
10. **Samþykktu aldrei ógnandi, ofbeldisfulla hegðun eða áreiti þar með talið kynbundið og kynferðislegt og beittu þér gegn því.*
11. Haltu á lofti heiðarleika (Fair Play) innan íþróttarinnar.
12. Taktu aldrei að þér akstur iðkenda, nema með leyfi foreldra/forsjáraðila.
13. **Sinntu iðkendum á æfingum en þess utan skaltu halda þig í faglegri fjarlægð. Forðastu samskipti gegnum síma og netið nema til boðunar æfinga og upplýsingagjafar. Náið líkamlegt samband við iðkanda er ekki leyfilegt. Komdu þér aldrei í þá aðstöðu að þú sért einn/ein með iðkanda að nauðsynjalausu.*
14. Vertu meðvitaður um hlutverk þitt sem fyrirmynd, bæði utan vallar og innan.
15. Beittu þér í forvörnum gegn notkun ólöglegra lyfja, vímuefna, áfengis og alls tóbaks.
16. ****Öll neysla tóbaks, rafrettna, áfengis eða annarra vímuefna er óheimil í öllu íþróttastarfi.***
17. Notfærðu þér aldrei aðstöðu þína sem þjálfari til að uppfylla eigin áhuga á kostnað iðkandans.
18. Hafðu ávallt í huga að þú ert að byggja upp fólk, bæði líkamlega og andlega.
19. **Upplýstu foreldra um grun um stríðni/eða áreitni.*

*Brot á sérmerktum siðareglum eru álitin agabrot innan sambandsins og viðurlög við þeim í samræmi við Samræmda Viðbragðsáætlun íþrótta- og æskulýðsstarfs.

Foreldri/forsjáraðili hafðu ávallt hugfast að:

1. Barnið þitt er í íþróttum vegna eigin ánægju en ekki til að gleðja þig.
2. Hvetja barnið þitt til að fara eftir og virða reglur íþróttanna og að leysa deilur án fjandskapar eða ofbeldis.
3. Styðja og hvetja öll börn og ungmenni – ekki bara þín eigin.
4. Vera jákvæður, bæði þegar vel gengur og þegar illa gengur.
5. Bera virðingu fyrir störfum þjálfara, ekki reyna að hafa áhrif á störf hans á meðan á þjálfun, leik eða keppni stendur.
6. Líta á dómarrann sem leiðbeinanda barna, ekki gagnrýna ákvarðanir hans fyrir framan iðkendur.
7. Meta þátttöku sjálfboðaliða hjá félaginu, því án þeirra hefði barn þitt ekki möguleika á að stunda æfingar og keppni með sínu félagi.
8. Upplýstu félag/þjálfara/starfsmann um grun um stríðni/eða áreitni.
9. Virða rétt hvers barns, óháð s.s. kyni, kynþætti, trúarbrögðum og kynhneigð.

Stuðningsmaður:

1. Komdu fram við alla félagsmenn sem jafningja, og af virðingu.
2. Mundu að mikilvægast er að hvetja þitt lið áfram og hrósa þegar vel er gert. Stuðningsmenn eiga að hvetja og hrósa.
3. Forðastu niðrandi ummæli í garð andstæðinga og samherja, jafnt stuðnings manna sem og leikmanna og þjálfara.
4. Forðastu neikvæða hegðun á kappleikjum, svo sem ölvun og ólæti. Mundu að þú ert mikilvæg fyrirmynd félagsmanna og slæm hegðun þín getur skaðað ímynd félagsins alls.
5. Berðu virðingu fyrir störfum dómara og þjálfara liðsins.
6. Hlutverk stuðningsmanna er félaginu mjög mikilvægt og því ber stuðningsmanni að standa ávallt vörð um gildi félagsins jafnt utan vallar sem innan.

Stjórnarmaður/starfsmaður:

1. Stattu vörð um anda og gildi félagsins og sjáðu um að hvorttveggja lifi áfram meðal félagsmanna.
2. Komdu fram við alla félagsmenn sem jafningja og af virðingu.
3. Virtu lýðræðisreglur og gagnsæi við ákvarðanatöku og stjórnaðu samkvæmt reglum um ábyrga fjármálastjórn
4. Haltu félagsmönnum vel upplýstum og gerðu félagsmenn að þátttakendum í ákvarðanatöku eins og hægt er.
5. Vertu ávallt til fyrirmyndar varðandi hegðun og framkomu, bæði innan félags og utan.
6. Stuðlaðu að því að formlegum og siðferðislegum reglum og venjum sé fylgt.
7. Notfærðu aldrei stöðu þína hjá félaginu til eigin framdráttar á kostnað félagsins.

Samþykkt á 103. Ársþingi UMSS 23. mars 2023

Reglugerð um val á Íþróttamanni, Liði og Þjálfara ársins í Skagafirði.

1.gr. Val á íþróttamanni, liði og þjálfara ársins í Skagafirði er samstarfsverkefni UMSS og sveitafélagsins Skagafjarðar.

2.gr. Rétt til að tilnefna íþróttamann, lið og þjálfara ársins í Skagafirði hafa öll aðildarfélög og deildir UMSS sem eru aðilar að UMSS. Fjöldi tilnefning í hverjum flokki frá hverju aðildarfélagi eða deild geta að hámarki verið sem hér segir:

- | | |
|--|--------------|
| • Bílaklúbbur Skagafjarðar | 1 tilnefning |
| • Golfklúbbur Sauðárkróks | 1 tilnefning |
| • Hestamannafélagið Skagfirðingur | 1 tilnefning |
| • Íþróttafélagið Gróska | 1 tilnefning |
| • Siglingaklúbburinn Drangey | 1 tilnefning |
| • Ungmenna- og íþróttafélagið Smári | 1 tilnefning |
| • Ungmennafélagið Hjalti | 1 tilnefning |
| • Ungmennafélagið Neisti | 1 tilnefning |
| • UMFT Bogfimdeild | 1 tilnefning |
| • UMFT Frjálsíþróttadeild | 1 tilnefning |
| • UMFT Júðódeild | 1 tilnefning |
| • UMFT Knattspyrnadeild | 1 tilnefning |
| • UMFT Kraftlyftingadeild | 1 tilnefning |
| • UMFT Kórfuknattleiksdeild | 1 tilnefning |
| • UMFT Skíðadeild | 1 tilnefning |
| • UMFT Sunddeild | 1 tilnefning |
| • Vélljólaklúbbur Skagafjarðar | 1 tilnefning |
| • Einnig getur aðalstjórn UMSS og félags- og tómstundarnefnd sveitarfélags Skagafjarðar tilnefnt einstaklinga með lögheimili í Skagafirði sem skarað hafa framúr í íþróttum sem ekki eru til staðar í Skagafirði og því utan aðildarfélaga og deilda í UMSS. | |

Skal þetta uppfært samhliða breytingum á aðildarfélögum/deildum UMSS.

3.gr. Þeir sem eru tilnefndir til kjörs á íþróttamanni ársins skulu hafa náð 18 ára aldri og eiga lögheimili í Sveitarfélaginu Skagafirði. Þó er heimilt að tilnefna ungling 12-17 ára sem keppir í flokki fullorðinna og er að ná það góðum árangri að hann teljist á meðal þeirra bestu í sinni íþróttgrein.

4. gr. Með tilnefningum aðildarfélaga/deilda skal skila inn greinagerð um viðkomandi íþróttamann. Þar skal m.a. koma fram:

- Afrek/keppni erlendis á árinu (félag/landslíð) í unglínga- eða fullorðins flokki
- Afrek/keppni á Íslandi í unglínga- eða fullorðins flokki
- Afrek/keppni í Skagafirði í unglínga eða fullorðins flokki
- Staðan yfir landið (og t.d. ef einhver unglíngur er í háum styrkleikaflokki yfir landið í fullorðins flokki)
- Umsögn um íþróttamanninn - afrek, karakter, stefna o.s.frv.

Úrdráttur úr fyrrgreindum atriðum verður lesinn upp á kjörinu.

5.gr. Val á íþróttamanni Skagafjarðar er í höndum tíu manna nefndar sem er þannig skipuð:

- Aðalstjórn UMSS (5)
- Félags- og tómstundarnefnd (3)
- Forstöðumaður frístunda og íþróttamála (1)
- Feykir, ritstjóri (1)

Ef einstaklingur á sæti bæði í aðalstjórn UMSS og félags og tómstundarnefnd er heimilt að varamaður einstaklingsins í félags- og tómstundarnefnd greiði atkvæði. Ef starfsmenn sveitarfélags Skagafjarðar eða ritstjóri eru í aðalstjórn UMSS þá greiðir varamaður í aðalstjórn UMSS atkvæði.

6.gr. Kosið skal um þrjú efstu sæti. Fyrsta (1.) sæti gefur 10 stig, annað sæti (2.) gefur 7 stig og þriðja (3.) sæti gefur 5 stig.

Ef tveir eða fleiri einstaklingar verða jafnir í kjörinu ræður eftirfarandi röð manna:

- Fleiri tilnefningar í fyrsta sæti
- Fleiri tilnefningar í annað sæti
- Fleiri tilnefningar í þriðja sæti

Við val á íþróttamanni ársins skulu þeir sem hafa rétt til að greiða atkvæði taka tillit til árangurs á árinu sem kjörið á um við. Einnig skal tillit tekið til reglusemi og ástundunar, þrúðmennsku og framfara.

Eftir að aðildarfélög/deildir hafa sent inn greinagerðir með tilnefningum sínum, skal framkvæmdastjóri UMSS boða kynningarfund með valnefnd, áður en hún kys. Þar koma

fulltrúa þeirra aðildarfélaga/deilda sem tilnefna, og kynna nánar afrek þeirra sem eru tilnefndir í kjörinu. Framkvæmdastjóri UMSS skal boða fulltrúa aðildarfélaga/deilda á fundinn.

7. gr. Tilnefningar skulu hafa borist stjórn UMSS fyrir 1. desember ár hvert. Framkvæmdastjóri UMSS tekur saman allar tilnefningar og sendir til valnefndar. Kynning fyrir valnefnd fer fram fyrir 15.des. Valnefnd skilar síðan atkvæði sínu til stjórnar UMSS fyrir 20. desember ár hvert.

8.gr. Útnefning á kjöri íþróttamanni Skagafjarðar fer fram milli jóla og nýs árs ár hvert við hátíðlega athöfn.

9.gr. Við verðlaunaafhendinguna skal þess getið í stuttu máli hver árangur og afrek liggja að baki hvers titils.

10. gr. Íþróttamaður ársins hlýtur farandbikar til varðveislu í eitt ár, og er nafn hans grafið í bikarinn og viðeigandi ártal. Einnig hlýtur hann minni bikar til eignar.

11.gr. Þegar ekki er lengur hægt að áletra fleiri nöfn á farandbikaranna skulu þeir fara til varðveislu hjá UMSS sem sér til þess að þeir verði staðsettir á opinberum stað.

12.gr. Hvatningarverðlaun UMSS

Öllum aðildarfélögum og deildum innan UMSS er heimilt að tilnefna einn pilt og eina stúlku sem hlýtur Hvatningarverðlaun UMSS. Tilnefninginn skal veitt þeim íþróttamanni sem er áhugasamur, með góða ástundun, sýnir góða hegðun innan vallar sem utan, er góður félagi og telst vera góð fyrirmynd annara unglinga. Lágmarksaldur fyrir Hvatningarverðlaun UMSS er 12 ára á árinu og hámarks aldur er 17 ára á árinu.

Stjórn UMSS og sveitarfélagið Skagafjörður geta einnig veitt hvatningarverðlaun til þjálfara, liðs, félags, einstaklings eða flokks sem þykir hafa staðið sig vel á árinu á einhvern hátt. Viðurkenningar eru einnig veittar fyrir landsliðssæti (unglinga-, karla- eða kvenna)

Samþykkt á 98. Ársþingi UMSS 10. mars 2018

UMSS Lottóreglugerð – úthlutun

I. Skipting lottótekna UMSS:

1. 70% til sambandsaðila.
2. 25% til UMSS.
3. 5% til Afreksmannasjóðs UMSS, úthlutun samkvæmt reglugerð sjóðsins.

II. Skipting lottótekna sambandsaðila UMSS:

1. 20% er skipt jafnt samkvæmt sérstakri reglu.
2. 40% er skipt eftir iðkenda fjölda samkvæmt sérstakri reglu.
3. 40% er skipt eftir félagsmannafjölda samkvæmt sérstakri reglu.

III. Regla vegna jafnrar skiptingar milli sambandsaðila:

Skilyrði fyrir úthlutun hvers ár úr jafna hlutanum er að fulltrúi aðildarfélags hafi mætt á síðastliðið sambandsþing. Hlutur þeirra sem mæta ekki deilist á þau aðildarfélög sem mættu á síðastliðið sambandsþing. Að þeim skilyrðum uppfylltum er skipting úthlutunar miðuð við íþróttastarfssemi þar sem hver deild í aðildarfélagi telur eins og eitt aðildarfélag án deildarskiptingar. Listi yfir þau aðildarfélög sem falla undir þennan lið skal samþykka á hverju sambandsþingi.

IV. Regla vegna iðkendafjölda:

Félög og deildir skulu skrá iðkendur rafrænt í umsónarkerfið Sportabler. Iðkendatölur skulu notaðar til að ákvarða skiptingu samkvæmt iðkendafjölda.

V. Regla vegna félagsmannafjölda:

Félagsmannafjöldi til grundvallar lottóúthlutun er reiknaður út einu sinni á ári og skal miðast við félagskrá sambandsaðila 31. desember ár hvert eins og fram kemur í Sportabler, skilakerfi ÍSÍ og UMFÍ.

VI. Aðrar forsendur fyrir úthlutun sambandsaðila:

Starfi sambandsaðili ekki samkvæmt lögum UMSS kemur hann ekki til greina við úthlutun. Stjórn UMSS skal taka tillit til hvort haldinn hafi verið aðalfundur og hvort starfsskýrslu og ársskýrslu hafi verið skilað til UMSS. Starfsskýrslu og ársskýrslu skal skilað eigi síðar en í lok febrúar ár hvert. Uppfylli sambandsaðili ekki þessi skilyrði skal UMSS frysta greiðslur til viðkomandi. Greiðsla sem hefur verið fryst í tvö ár rennur í rekstrarsjóð UMSS og er óafturkræf. Forsendur í lottóúthlutun skal miða við 31. desember ár hvert, þ.e. iðkendatölu eins og hún er skráð fyrir undangengið ár í Sportabler og félagatal eins og það liggur fyrir á sama tíma.

VII. Nýir sambandsaðilar.

Ný aðildarfélög UMSS fá fyrst úthlutað lottófé skv. reglugerð þessari eftir að öllum ofangreindum skilyrðum hefur verið fullnægt og eftir samþykki á næsta sambandsþingi eftir inngöngu.

VIII. Um úthlutun.

Úthluta skal öllum lottótekjum sem berast UMSS ársfjórðungslega. Greiðsla skal berast aðildarfélögum og deildum fyrir lok apríl, júlí, október og janúar fyrir næsta ársfjórðung á undan. Með hverri greiðslu skal fylgja skilagrein sem sýni forsendur fyrir úthlutun.

Samþykkt á 104. Ársþingi UMSS 27. apríl 2024

Vinnureglur varðandi úthlutun úr afrekssjóði.

Reglugerð um afrekssjóð Ungmennasambands Skagafjarðar (UMSS)

Reglugerðin er svohljóðandi:

- 1.grein.** Sjóðurinn heitir Afrekssjóður UMSS. Hlutverk hans er að styrkja afrekfólk aðildarfélaga UMSS.
- 2.grein.** Tilgangur sjóðsins er sá að taka þátt í kostnaði afrekfólks UMSS vegna þátttöku í æfingum og keppni á landsvísu og fyrir hönd Íslands.
- 3.grein.** Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur einstaklingum og einum til vara. Ársþing UMSS kýs tvo einstaklinga í stjórnina og einn til vara, sem ekki eru í aðalstjórn UMSS. Formaður UMSS er þriðji maður stjórnar og formaður sjóðstjórnar. Stjórn sjóðsins skal skipuð til eins árs í senn.
- 4.grein.** Tekjur sjóðsins eru ákveðið hlutfall tekna UMSS af íslenskri Getspá, skv. Lottóreglugerð. Að auki frjáls framlög einstaklinga, stofnana, fyrirtækja og sveitarfélaga.
- 5.grein.** Heimilt er að veita úr sjóðnum, á hverjum tíma, öllu því fé sem í honum er. Sjóðsstjórn ákveður styrktar upphæð hverju sinni.
- 6.grein.** Sjóðsstjórn skal taka mið af kostnaði einstaklingsins við ákvörðun á styrkveitingu.
- 7.grein.** Til að hljóta styrk, þurfa viðkomandi íþróttamenn að sækja skriflega um til framkvæmdarstjóra UMSS og jafnframt að gera grein fyrir forsendum umsóknarinnar. Umsóknir þurfa að berast fyrir 1. desember ár hvert.
- 8. grein.** Formaður UMSS boðar til fundar í sjóðstjórn á tímabilinu 1.-14. desember ár hvert. Styrkinn skal afhenda við hentugt tilefni fyrir lok almanaksársins.
- 9. grein.** Sjóðstjórn gerir grein fyrir styrkveitingum úr sjóðnum í ársskýrslu UMSS.
- 10. grein.** Skoðunarmenn UMSS eru jafnframt skoðunarmenn reikninga sjóðsins.
- 11. grein.** Breytinga á reglugerð þessari er hægt að gera á ársþingi UMSS að fengnu samþykki meirihluta atkvæða.

Reglur þessar verða sendar öllum aðildarfélögum og ráðum innan raða UMSS og birtar á heimasíðu UMSS.

Samþykkt á 102.ársþingi UMSS þann 12. mars 2022.



Fylgiskjöl

- Fylgiskjal I: Fjárhagsáætlun 2024
- Fylgiskjal II: Stefna ÍSÍ í íþróttum barna og unglunga
- Fylgiskjal III: Stefna ÍSÍ í íþróttum barna og unglunga – Íþróttaboðorðin tíu
- Fylgiskjal IV: Samstarfssamningur UMSS og Sveitarfélags Skagafjarðar
- Fylgiskjal V: Samstarfssamningur UMSS og Akrahrepps





Fylgiskjal I: Fjárhagsáætlun UMSS 2024

Fjárhagsáætlun UMSS 2024

Rekstrartekjur		Rekstrargjöld	
Lottó og getraunir	3,600,000	Skrifstofa, laun, húsaleiga og rekstur	7,500,000
Sveitarfélagið Skagafjörður	1,380,000	Annar kostnaður	300,000
Félagsgjöld	1,900,000	Afreksmannasjóður UMSS	400,000
Afreksmannasjóður UMSS	700,000	Greitt til Skagfirðings v. mótahalds	200,000
UMFÍ / ÍSí ósóttir vinningar	100,000	Greitt til Frjálsíþróttaráðs v. mótah.	200,000
Aðrir styrkir	750,000		
	8,850,000		8,800,000
		Hagnaður / - tap ársins	50,000



Fylgiskjal II: Stefna ÍSÍ í íþróttum barna og unglinga

Aldur	Markmið	Leiðir	Mælikvarði á árangur	Keppni, verðlaun og viðurkenningar
≤ 5	<ul style="list-style-type: none"> Jákvæð upplifun Leikur í fyrirmíni 	<ul style="list-style-type: none"> Fjölbreytni í æfingavali 	<ul style="list-style-type: none"> Ánægðir íbændur 	<ul style="list-style-type: none"> Keppni ekki markmið Allir fá jafna viðurkenningu
6-8	<ul style="list-style-type: none"> Jákvæð upplifun Óna sköpun Óháast fjölbreytta hreyfingarslu 	<ul style="list-style-type: none"> Fjölbreytni í æfingavali Áhersla á leik og gleði Jöfn tækifæri fyrir alla Hvatning að reyna ólíkar íþróttagreinar 	<ul style="list-style-type: none"> Sem flestir haldi áfram íþróttablöðun Ánægðir íbændur Bætt samhæfing/ hreyfifærni 	<ul style="list-style-type: none"> Keppni ekki markmið Áhersla á að keppni fari fram í nærumhverfi Allir fái tækifæri óháð getu Leikur og leikgleði Úrsitt skipta ekki máli Allir fá jafna viðurkenningu
9-10	<ul style="list-style-type: none"> Óháast fjölbreytta hreyfingarslu Áhersla á þjálfun tæknilegrar færni Skemmtilegar æfingar Áhersla á hattvísi og íþróttamannslega framkomu 	<ul style="list-style-type: none"> Fjölbreytni í æfingavali Áhersla á leik og gleði Jöfn tækifæri fyrir alla Virða nafn og bönung félags Virða keppinauta, dómara og þjálfara Hvatning til að reyna ólíkar íþróttagreinar 	<ul style="list-style-type: none"> Sem flestir haldi áfram íþróttablöðun Ánægðir íbændur Bætt samhæfing/ hreyfifærni Tæknivæðing 	<ul style="list-style-type: none"> Keppni ekki markmið Áhersla á að keppni fari fram í nærumhverfi Logo áhersla á liðsþæppi Allir fái tækifæri óháð getu Úrsitt skipta ekki máli Allir fá jafna viðurkenningu
11-12	<ul style="list-style-type: none"> Æfingar fjölbreyttar og skemmtilegar Áhersla á þjálfun tæknilegrar færni Þroska líkamlegt atgævi gegnum leik og leikrænar æfingar Áhersla á hattvísi og íþróttamannslega framkomu 	<ul style="list-style-type: none"> Fjölbreytni í æfingavali Skemmtilegar æfingar Jöfn tækifæri fyrir alla Virða nafn og bönung félagsins Virða keppinauta, dómara og þjálfara Hvatning til að reyna ólíkar íþróttagreinar 	<ul style="list-style-type: none"> Sem flestir haldi áfram íþróttablöðun Ánægðir íbændur Tæknivæðing 	<ul style="list-style-type: none"> Allir fái tækifæri miðað við getu Lið vinni til verðlauna, áhersla á liðsþæppi Einstaklingar vinni til verðlauna Leyfilegt að kynna Íslandsmeistarara, einstakling eða lið
13-14	<ul style="list-style-type: none"> Þroska líkamlegt atgævi í gegnum leik og leikrænar æfingar Viðhalda og bæta tæknilega færni Skapa jákvætt og uppbyggilegt umhverfi Halda sem flestum virkum í íþrótt- og félagsstarfi Áhersla á hattvísi og íþróttamannslega framkomu 	<ul style="list-style-type: none"> Fjölbreytni í æfingavali Áfram unnið með tæknilegar færni Vinna á markvissan hátt með jákvæð samskipti og víta undir aukrið sjálfstraust íðkenda Fræðsla um heilbrigðan lífsstíl Allir fái tækifæri til æfinga og/ eða keppni miðað við þroska, getu og þhuga 	<ul style="list-style-type: none"> Sem flestir haldi áfram íþróttablöðun Ánægðir íbændur Tæknivæðing Bætt líkamlegt atgævi 	<ul style="list-style-type: none"> Lið vinni til verðlauna Einstaklingar vinni til verðlauna
15-16	<ul style="list-style-type: none"> Efla líkamlegt atgævi Viðhalda og bæta tæknilega færni Skapa félagslega jákvæðar aðstæður og umhverfi Kynna keppnis- og afreksþróttamennsku Kynna fleiri möguleika fyrir þeim sem vilja líka íþróttir sem líkamsrækt og vegna félagskapans 	<ul style="list-style-type: none"> Fjölbreytni í æfingavali Hærra hlutfall æfinga byggir á þol-, kraft-, hraða- og líðleikæfingum Aukin áhersla á sérhæfða tækni Vinna á markvissan hátt með jákvæð samskipti og víta undir aukrið sjálfstraust íðkenda Fræðsla um heilbrigðan lífsstíl Allir fái tækifæri til æfinga og/ eða keppni miðað við þroska, getu og þhuga Félag skapi tækifæri til að stunda keppnisíþróttir annars vegar og íþróttir/ líkamsrækt hins vegar 	<ul style="list-style-type: none"> Sem flestir haldi áfram íþróttablöðun Ánægðir íbændur Tæknivæðing Bætt líkamlegt atgævi Árangur í keppni 	<ul style="list-style-type: none"> Lið vinni til verðlauna Einstaklingar vinni til verðlauna
17-18	<ul style="list-style-type: none"> Efla líkamlegt atgævi Viðhalda og bæta tæknilega færni Skapa félagslega jákvæðar aðstæður og umhverfi Innlíða afreksþróttamennsku Hafa möguleika á að líka íþróttir sem líkamsrækt og eða vegna félagskapans 	<ul style="list-style-type: none"> Fjölbreytni í æfingavali Hærra hlutfall æfinga byggir á þol-, kraft-, hraða- og líðleikæfingum Aukin áhersla á sérhæfða tækni Fornærfræðsla gegn vimefnafólkun Vinna á markvissan hátt með jákvæð samskipti og víta undir aukrið sjálfstraust íðkenda Fræðsla um heilbrigðan lífsstíl Allir fái tækifæri til æfinga og/ eða keppni miðað við þroska, getu og þhuga Félag skapi tækifæri til að stunda keppnisíþróttir annars vegar og íþróttir/ líkamsrækt hins vegar 	<ul style="list-style-type: none"> Sem flestir haldi áfram íþróttablöðun Ánægðir íbændur Tæknivæðing Bætt líkamlegt atgævi Árangur í keppni 	<ul style="list-style-type: none"> Lið vinni til verðlauna Einstaklingar vinni til verðlauna

Fylgiskjal III: Stefna ÍSÍ í íþróttum barna og unglinga – Íþróttaboðorðin tíu

Íþróttaboðorðin tíu



1. Íþróttir fyrir öll börn
2. Íþróttir byggja upp öfluga einstaklinga
3. Virðum skoðanir barna og unglinga
4. Fjölbreytt íþróttastarf
5. Þjálfun hæfi aldri og þroska
6. Íþróttakeppni með tilliti til aldurs og þroska
7. Íþróttaaðstaða við hæfi
8. Fagmenntaðir þjálfarar
9. Stuðningur foreldra skiptir máli
10. Virðum störf dómara og starfsmanna



Fylgiskjal IV: Samstarfssamningur UMSS og sveitarfélag Skagafjarðar



Samningur

Skagafjörður, Skagfirðingabraut 17-21, kt. 550698-2349 og Ungmennasamband Skagafjarðar, Viðigrund 5, kt. 670269-0359 gera með sér eftirfarandi samstarfssamning.

1. Um samninginn

Ungmennasamband Skagafjarðar er heildarsamtök íþróttafélaganna í Skagafirði.

Samningi þessum er ætlað að efla starf Ungmennasambands Skagafjarðar og aðildarfélaga þess með megináherslu á barna og unglíngastarf auk þess að stuðla að auknu samstarfi Ungmennasambands Skagafjarðar og Skagafjarðar á sviði íþróttá- og forvarnarmála. Áhersla er lögð á mikilvægi þess ófluga starfs sem Ungmennasambandið og íþróttahreyfingin sinnir fyrir samfélagið í heild. Til þess að Ungmennasambandið geti rækt hlutverk sitt styrkir Skagafjörður sambandið árlega með beinum og óbeinum fjárframlögum. Auk þess vinna þessir aðilar að margskonar samstarfsverkefnum samfélaginu til heilla. Aðilar að þessum samningi eru:

- Skagafjörður
- Ungmennasamband Skagafjarðar, nefnt UMSS hér eftir

Í samningi þessum er UMSS samnefnari fyrir öll aðildarfélög sín og deilda þeirra að því marki sem lýtur að almennri íþróttá- og félagsstarfssemi þeirra.

2. Tilgangur og hlutverk

Tilgangurinn með samstarfi UMSS og Skagafjarðar er:

- Að efla starf íþróttamála í sveitarfélaginu.
- Að gera UMSS kleift að veita aðildarfélögum sínum, iðkendum og íbúum sveitarfélagsins vandaða og markvissa þjónustu á sviði íþróttá- og félagsstarfs.
- Að auka fagmennsku og þekkingu í starfi íþróttahreyfingarinnar jafnt á íþróttá- félags- og rekstrarlegu sviði.
- Að efla hlutverk UMSS sem sameiginlegs málsvara alls íþróttastarfs í Skagafirði.
- Að fjölga iðkendum m.a. með aukinni samvinnu samningsaðila um málefni hreyfingarinnar.
- Að stuðla að forvörnum m.a. með fræðslu til iðkenda og starfsmanna í hreyfingunni um skaðsemi vímuefna.
- Að búa UMSS undir enn frekari verkefni á sviðið íþróttá- og félagsstarfs.

Hlutverk UMSS samkvæmt samningi þessum er:

- Að vera milliliður í samskiptum íþróttahreyfingarinnar og sveitarfélagsins.
- Að styðja og hvetja aðildarfélögin til faglegra vinnubragða á íþróttá-, rekstar-, og félagssviðinu.
- Skipta styrkjum frá Skagafirði samkvæmt viðauka I á milli aðildarfélaga sinna.
- Að hafa eftirlit með starfsemi aðildarfélaga sinna bæði faglegru og fjárhagslegri.





Samningur

Hlutverk Skagafjarðar samkvæmt samningi þessum er:

- a) Að skapa sterka umgjörð um íþróttastarf í héraðinu m.a. með uppbyggingu íþróttamannvirkja sem þjónar bæði keppnis- og almenningsíþróttum.
- b) Að styðja fjárhagslega starfsemi UMSS og aðildarfélaga þess.
- c) Að stuðla að því að íþróttastarf í sveitarfélaginu byggist á faglegum grunni þar sem höfuðáhersla er lögð á menntun og þekkingu starfsmanna og leiðbeinenda.
- d) Að hvetja íþróttahreyfinguna til að leggja áherslu á forvarnir í starfi sínu.

3. Samningurinn

1.grein

Skagafjörður skuldbindur sig til að styrkja Ungmennasamband Skagafjarðar um ákveðna upphæð á ári hverju. Upphæð styrksins er ákveðin í fjárhagsáætlun hvers árs. Styrkur þessi eru eingöngu ætlaðir til að styðja barna- og unglingsstarf í Skagafirði og við úthlutun er gætt jafnræðis milli drengja og stúlkna. Stjórn UMSS úthlutar styrknum til aðildarfélaga sinna eftir þeim reglum sem hún mótar sér og byggðar eru á mati á faglegu starfi þeirra.

Fjárveitingar til aðildarfélaga UMSS eru háðar því að félögin vinni eftir þeim siðareglum, viðbragðsáætlunum gegn ofbeldi, kynferðislegu ofbeldi og áreitni sem UMSS setur sér og standi reglulega fyrir fræðslu um þessi mál fyrir sína félagsmenn. Mikilvægt er að félögin sýni fram á að farið sé eftir jafnréttisáætlunum og jafnréttislögum í starfi sínu.

2.grein

Iðkendur skráðir í Sportabler, skráningarkerfi UMSS, skulu styrktir með hvatapeningum sem Skagafjörður veitir. Hvatapeningar þessir eru hugsaðir sem niðurgreiðsla á kostnaði foreldra vegna félags- og/eða æfingagjalda. Öll börn á 5. ári upp að 18 ára aldri sem eiga lögheimili í Skagafirði eiga rétt á hvatapeningum.

3.grein

Aðildarfélög innan UMSS skuldbinda sig til þess að veita upplýsingar um umfang barna- og unglingsstarfsins og nýtingu styrksins sbr.1.grein. Úthlutað er vegna undangengis rekstarárs og skýrslu um starfið skilað til UMSS í október ár hvert. UMSS skuldbindur sig til að skila skýrslum til sveitarfélagsins á fundi að hausti sbr. 5. grein þessa samnings. Á þeim fundi skal fara yfir þau atriði sem UMSS leggur áherslu á að vinna að á komandi ári.

4.grein

Skagafjörður skuldbindur sig til að veita UMSS rekstarstyrk vegna kostnaðar við framkvæmdastjóra og rekstur skrifstofu. Framkvæmdastjóri UMSS er tengiliður aðildarfélaga við Skagafjörð.

17.12.2024

2





Samningur

5.grein

Stjórn UMSS og fulltrúar sveitarfélagsins skulu eiga með sér formlega samráðsfundi tvisvar á ári, að hausti og vori, sbr. 3. grein. Auk þess skal fulltrúi UMSS sitja fundi félags- og tómstundanevndar þegar málefni UMSS og aðildafélaga þess eru á dagskrá. Þá skal frístundastjóri hjá sveitarfélaginu eiga seturétt með málfrelsi og tillögurétt á stjórnarfundum UMSS þegar samskipti við sveitarfélagið eru á dagskrá.

6.grein

UMSS lýsir kjöri á íþróttamanni Skagafjarðar á samkomu sem fram fer á milli jóla og nýárs ár hvert. Lögð er áhersla á að samkoma þessi verði uppskeruhátíð allra íþróttafélaga í Skagafirði. Allir sem hljóta tilnefningu sinna aðildarfélaga hljóta einnig viðurkenningu og jafnframt skulu ungir og efnilegir íþróttamenn heiðraðir sérstaklega. Sérstök valnefnd skipuð fulltrúum beggja samningsaðila velur íþróttamann ársins (Samanber reglugerð UMSS um val á íþróttamanni, líði og þjálfara ársins í Skagafirði). Skagafjörður styður UMSS við framkvæmd kjörsins.

7.grein

UMSS og Skagafjörður skuldbinda sig í samstarf í tengslum við starfsemi Ungmennaráðs Skagafjarðar og eftirfylgni fjölskyldustefnu sérstaklega er varðar lýðheilsuhlutann.

8.grein

Samstarfsfundir skulu haldnir með frístundastjóra og forsvarsmönnum aðildarfélaga UMSS um nýtingu og skiptingu tíma í íþróttamannvirkjum og íþróttasvæðum að vori og hausti.

9.grein

Samningur þessi skal endurskoðaður á fjögurra ára fresti. Samningurinn er uppsegjanlegur af beggja hálfu og er uppsagnarfrestur hans 6 mánuðir og skal sagt upp skriflega.

Skagafirði, 17. desember 2024

f.h. Ungmennasambands Skagafjarðar

f.h. Skagafjarðar

Sigrún J. Sigrúnsson
Skagafjörður
Sveitarstjóri

17.12.2024

3





Samningur

Bókun I: UMSS og sveitarfélagið vinni í sameiningu að mótun heilsteyprar stefnu í íþrótt- og tómstundamálum innan Sveitarfélagsins. Þar skal fjölgun iðkenda vera leiðarljósið. Stefnan mun skiptast í fjóra flokka: Íþróttastarf barna og unglinga, almenningsíþróttir, afreksíþróttir og tómstundastarf. Stefnan verði kynnt formlega þegar hún er tilbúin.

17.12.2024

4





Ungmennasamband Skagafjarðar

Víðigrund 5

550 Sauðárkrókur

Sími: 453 5460 GSM: 844 6534

Tölvupóstur: umss@umss.is

Vefsíða: www.umss.is

Facebook: www.facebook.com/Ungmannasambandskagafjardar

